

SJÁVARAFL

Desember 2015 8. tölublað 2. árgangur

FRÍTT EINTAK

Gledileg Jól

4 Jóláhugleiðing formanns

Jens Garðar Helgason, formaður SFS

5 Sjómenn í gíslingu útvegsmanna

Jakob Gunnar Hjaltalín

6 Virkjanir og hrun fiskistofna á Íslandi

Halldór Pétur Ásbjörnsson

8 Íslenska leiðin

Alda Agnes Gylfadóttir

10 Konur í sjávarútvegi, tengslanet og fræðsla

Guðrún A. Jónsdóttir, skrifstofustjóri hjá Iceland Pelagic ehf. og stjórnarmaður í Félagi kvenna í sjávarútvegi.

12 Kjarasamningar sjómanna

Valmundur Valmundsson

14 Árið hefur verið uppbyggingarár í fiskeldi

Höskuldur Steinarsson, framkvæmdarstjóri Fjarðarlax

16-18 Jólabækur

20 Fjölskyldur sjómanna

21 Hvað vita krakkarnir um sjómennskuna

22 Vigri Bergþórsson, vélstjórnarnemi

24 Sölvi Breiðfjörð, háseti á Örfirisey

26 Eplalyktin minnir á jólin

28 Ása sjómanskona

30 Sigríður sjómanskona

32 Jón Hlíðberg

42 Vélfag fagnar tuttugu ára afmæli sínu

44 Martak í Grindavík

46 Sjávarútvegsskóli Austurlands

48 Dísarfellið ferst á leið til Færeyja

52 Þorbjörn og Kapp

53 Ljósmyndasamkeppni

54 Hin hliðin

Uppskrift



SJÁVARAFL

Útgefandi: Sjávarafli ehf.

Grandagarði 16, 101 Rvk.

Sími: 846 1783 / 899 9964

Ritstjóri: Sædis Eva Birgisdóttir

seva@sjavarafi.is

Ábyrgðarmaður: Hildur Sif Kristborgardóttir.

hildur@sjavarafi.is

Blaðamaður: Sigrún Erna Geirsdóttir

sigrun@sjavarafi.is

Vefsíða: www.sjavarafi.is

Tölvupóstur: hallo@sjavarafi.is

Umbrot og hönnun: Logi Jes Kristjánsson

logijes@simnet.is

Forsíðumynd: Bergþór Gunnlaugsson

Prentun: Prentment ehf.



Nú minnir svo ótal margt á jólin

Í hvert skipti sem desembermánuður rennur í garð á ég það til að verða þínu væmin og meyr. Kannski ekkert þínu, verð einlega bara frekar mikið væmin og meyr. Því fannst mér alveg tilvalið að hafa fjölskyldur sjómanna í brennideplinu í þessu síðasta blaði ársins. Sjómannsfjölskyldu lífið er oft á tíðum þínu frábrugðið lífi hinar „venjulegu“ fjölskyldu því stóran part vantar inn í daglegt líf sjómannsfjölskyldunnar flesta daga. Sjómennirnir okkar missa oft á tíðum af stórum og merktum viðburðum í lífi fjölskyldunnar og hafa minni tök á að undirbúa viðburði eins og jólin. Sem betur fer hafa nú tímarnir breyst og æ færri eru til sjós yfir hátíðarnar nú orðið, sem er frábær þróun, því jólin eru tíminn þar sem við eigum að vera í faðmi fólksins sem við elskum. Frá því ég man eftir mér hefur mér fundist einmitt það skemmtilegast við jólin, að allir séu saman í þeim tilgangi að vera bara saman og gera allt og jafnvel ekkert! Hjá mér er það alltaf þannig að jólin og allur sjarminn sem þau hafa upp á að bjóða koma ekki fyrr en þabbi er komin í land og mættur í eldhúsið með svuntuna að gera og græja matinn, og grobba sig á því hvað súpan hans er góð (hún er án efa það besta sem ég fæ, ekki að gamlinn minn þurfi á þessu hrósi að halda því hann veit það svo sannarlega sjálfur). Það er allt eitthvað svo jólalegt við það að hafa þabba í eldhúsinu, því það er víst sjón sem maður hefur ekki séð á hverjum degi í sínu lífi. Jólin koma svo yfir mig af fullum krafti þegar við feðginin förum í kirkjugarðin um fimmleytið og heilsum upp á fólkið okkar sem hvílir þar. Tilfinningin sem hellist yfir mann á þessari stundu á hverju ári er svo mögnuð blanda af sorg og gleði. Gleði fyrir allar þær stundir og minningar sem maður á í hjarta sér og sorg yfir söknuðinum sem hverfur aldrei.

Nú minnir svo ótal margt á jólin segir í einu jólaginu og því get ég svo sannarlega verið sammála. Stundir eins og þegar klukkan líður svo hægt hjá litla fólkinu að þau fá að opna einn pakka fyrir mat til þess að halda geðheilsunni hjá fullorðna fólkinu. Þegar kirkjuklukkurnar byrja að hringja í ríkisútvarpinu og maður staldrar við og hugsar hversu heppinn maður er að fá að upplifa þessa stund enn og aftur með fólkinu sínu. Stundinn þegar allir eru uppstrílaðir við matarborðið að springa og allir eru að hugsa það sama – hversu gott það verður að komast í náttfötin. Þegar þakkarnir eru rifnir upp á met tíma og mamma hugsar – til hvers var ég að hafa fyrir því að pakka þessu inn. Þegar allir eru komnir í náttfötin sín að gramsa í jólagjöfunum sínum. Stundin þegar þú ákveður að laumast um miðja jóladagsnótt til þess að fá þér afgang af jólamatnum – og flest allir fjölskyldumeðlimir hugsuðu það sama og sitja við eldhúsbörðið með þér um miðja nótt. Þessar stundir um jólin ásamt óteljandi öðrum litlum hlutum eru það sem gera jólin sérstök í mínum huga.

Það er skemmtilegt að hugsa til baka og sjá hversu margar jólahefðir maður á en hefur aldrei tekið eftir að þessar hefðir eru og verða alltaf ómissandi partur af jóluþingi manns. Það er svo margt sem maður rígheldur í og vill ekki að breytist sama hvað árin líða og hversu gamall maður er.

Fyrir hönd starfsfólks Sjávarafli vill ég óska ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári og vill þakka fyrir lesturinn á árinu sem er að líða. Megi þið eiga dásamlega hátíðardaga með fólkinu sem þið elskið mest.

Sædis Eva Birgisdóttir

Ritstjóri Sjávarafli



Hildur Sif Kristborgardóttir
Ábyrgðarmaður
hildur@savarafi.is



Sigrún Erna Geirsdóttir
Blaðamaður
sigrun@sjavarafi.is



Logi Jes Kristjánsson
Grafískur hönnuður
logijes@simnet.is



Elín Bragadóttir
Sölufulltrúi
hallo@savarafi.is



GLEÐILEG JÓL

Eimskipafélag Íslands óskar landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári með þökk fyrir viðskiptin á árinu. Árið hefur ekki síst einkenst af umræðu um loftslagsmál og er félagið stolt af aðkomu sinni að bæði umræðuvettvanginum Arctic Circle og undirritun yfirlýsingar um markmið í loftslagsmálum sem var framlag til 21. loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna.

Eins og undanfarin ár hefur Eimskip tekið þátt í ýmsum samfélagslegum verkefnum með áherslu á forvarnarmál og vill félagið þakka samstarfsaðilum í þeim efnum fyrir árið sem er að líða.



Korngördum 2 | 104 Reykjavík | 525 7000 | eimskip.is

Jens Garðar Helgason, formaður SFS



Jólahugleiðing formanns

Það má með sanni segja að aðventan sé gengin í garð hér á Eskifirði sem og öðrum byggðum Austfjarða. Íbúar hafa skreytt hús sín í fallegum jólaljósum og í öllum byggðum er búið að kveikja á jólatré með tilheyrandi söng, dansi í kringum jólatréð og heimsóknum furðulegra karla sem koma af fjöllum ofan. Það er ótrúlega róandi að fá sér kvöldgöngu í fallegri vetrarstillunni og ganga útá Hlíðarenda, yst í þorpinu, þar sem öll gömlu norsku sjóhúsin standa enn sem minnisvarði um merkilegan kafla í sögu okkar. Að standa á bryggjunni við Randulffssjóhús og horfa á stjörnuþjartan himin, norðurljósin dansa yfir fjallstindunum og hlusta á sjóinn leika rólega um bryggjupollana er engu líkt. Maður fyllist hugarró og það er akkúrat á stund sem þessari sem er gott að hugsa yfir farin veg og þakka allt það góða sem lífið hefur gefið manni.

Við höfum nefnilega alltof oft tilhneigingu til þess að stökkva til og láta neikvæðni og bölmóð móta orð okkar og hugsanir í umræðum um málefni líðandi stundar. Heftin verður oft svo mikil að vaðið er í manninn en ekki tekin málefnaleg og upplýst umræða. Við sjáum þetta nánast á hverjum degi í samfélagsmiðlum þar sem oft má lesa að þjóðfélagið standi á heljarþröng og allt sé á niðurléið – ekkert gott né uppbyggilegt

sé búið að gera. Það er mér til efs að margir af okkar helstu baráttumönnum og konum sem börðust fyrir sjálfstæði þessarrar ungu en fátæku þjóðar myndu deila þessum skoðunum með fólki – ef þau sæju hvaða árangri okkar litla þjóð hefur náð á rúmum sjötíu árum.

Við höfum náð undraverðum árangri á flestum sviðum og erum í fremstu röð meðal annarra þjóða. Íslenskur sjávarútvegur er leiðandi á heimsvísu. Við höfum sem þjóð náð að byggja upp einn tæknivæddasta og framsæknasta sjávarútveg í heiminum. Þessum árangri höfum við náð með stefnumarkandi ákvörðunum sem greinin hvílir nú á og skilar í dag arði til þjóðarinnar – en alls staðar annarsstaðar er sjávarútvegur niðurgreiddur af skattfé viðkomandi landa. Í íslenskum sjávarútvegi starfar gríðarlega hæft og gott starfsfólk sem á hverjum degi leggur sitt af mörkum til aukinnar verðmætasköpunar og framþróunar í greininni. Framsýni stjórnenda, dugmiklir skipstjórnarmenn og áhafnir sem og hæft og ósérhlífið fisk – og landverkafólk myndar

sterka og órjúfanlegu keðju sem greinin byggir á. Þau eru mörg viðfangsefni sem við blasa nú á komandi misserum eins og lausn í kjaramálum sjómanna, viðskiptabann á Rússland, samningar um deilistofna, áframhaldandi samtal við stjórnvöld og alþingismenn um fiskveiðistjórnunarkerfið svo eitthvað sé nefnt. Öll þessi mál sem og önnur tel ég að hægt verði að leysa eftir velgrundaða umræðu sem byggist á sameiginlegri virðingu fyrir ólíkum sjónarmiðum og skoðunum.

Að lokum vil ég þakka öllum fyrir samstarfið og samfylgdina á árinu sem er að líða og sendi öllum starfsmönnum íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja sem og landsmönnum öllum hugheilar jóla – og nýárskeðju með von um að nýtt ár verði þjóðinni gæfuríkt og gott.

Með jólakveðju frá Eskifirði,



Sjómenn í gíslingu útvegsmanna

Kjarasamningar sjómanna og útvegsmanna hafa nú verið lausir í fimm ár, sem er auðvitað gjörsamlega óviðunandi ástand fyrir sjómenn. Og hvernig sem á því stendur, virðast menn ekki sjá til lands í þessari deilu. Þeir sem fylgst hafa með samningamálum sjómanna, segja að varla sé hægt að halda því fram að alvara hafi verið við samningaborðið síðan 2011, þótt fundað hafi verið af og til.

Á sama tíma og ekki tekst að ganga frá kjarasamningum, greina fjölmiðlar frá methagnaði útgerðarinnar og flestir aðalfundir fyrirtækjanna samþykkja að greiða eigendum myndarlegan arð. Á þessum fimm árum sem samningar hafa verið lausir, hefur sannarlega árað ágætlega í sjávarútvegi. Ég segi ágætlega, örugglega mætti hafa sterkari lýsingarorð um afkomu greinarinnar. Á sama tíma og eigendurnir samþykkja stjarnfræðilegan arð, tala þeir um nauðsyn þess að sjómenn taki aukinn þátt í ýmsum kostnaðarliðum útgerðarinnar. Þátttaka sjómanna í kostnaðarliðum virðist því vera deilan endalæsa og vera forsendan fyrir útgerð á Íslandi ef marka má áróður útgerðarmanna.

Kauptrygging, sjómannaafsláttur og veiðigjöld

Ekki bætir út skák að kauptryggingu sjómanna var síðast breytt í maí árið 2014. Flestar atvinnugreinar hafa gengið frá nýjum kjarasamningum á þessu ári og sumar stéttir hafa samið um ríflegar hækkningar. Sjómenn sitja hins vegar eftir, sjálf kauptryggingin hefur verið óbreytt í eitt og hálf ár. Sú var tíðin að kauptrygging sjómanna hækkaði í sama hlutfalli og samningar ASÍ. Það er sem sagt liðin tíð.

Ég nefni líka hérna ítrekaðar aðfarir að sjómönnum með afnámi sjómannaafsláttarins. Við þekkjum mæta vel að opinberir starfsmenn fá greidda dagpeninga, starfi þeir í hálfan dag eða meira fjarri heimilum sínum. Þessir dagpeningar eru skattfrjálsir og almennt taldir sjálfsagðir og eðlilegir. Sömu sögu er að segja um einkafyrirtæki, þar þykja dagpeningar sjálfsagðir.

Stjórnvöld eiga hiklaust að ganga til samninga við samtök sjómanna um skattfrjálsa dagpeninga í stað sjómannaafsláttarins, takist ekki að leiðrétta skerðingu sjómannaafsláttarins í yfirstandandi kjaraviðræðum við SFS.

Þetta er einfaldlega réttlætismál, ég get með engu móti séð hvers vegna réttlátt er að greiða fólki í landi skattfrjálsa dagpeninga á ferðalögum, en ekki fólki sem stundar sjómennsku fjarri heimilum sínum.

Útgerðarmenn hafa krafist þess að laun sjómanna verði lækkuð vegna veiðigjalda og annars rekstrarkostnaðar. Við skulum ekki gleyma því að veiðigjöldin eru ekkert annað en skattur á útgerðina, sem stjórnvöld ákváðu að leggja á hagnað hennar. Og ég nefni líka að veiðigjöldin hafa lækkað á undanförunum árum, auk þess sem olíukostnaður hefur farið lakkandi. Kröfur útgerðarinnar um að lækka laun sjómanna eru því fráleitar.

Verðmyndun, mönnunarmál og vökulögin

Sjómannasamband Íslands vinnur eftir kröfugerð sem lögð var fyrir LÍU nú SFS fyrir nokkrum árum, það er í upphafi samningaviðræðna sem útgerðarmenn höfnuðu. Sambandið vill að allur aflri verði seldur á uppboðsmörkuðum, eða verðið tengt við fiskmarkaðsverð eða afurðarverð. Að mínu viti er núverandi verðmyndunarkerfi ónýtt og nauðsynlegt er að setja skýrar reglur sem skylda útgerðina til að selja allan afla í gegnum markaði.

Ýmis öryggismál eru á lista Sjómannasambands Íslands, enda hafa útgerðarmenn haft tilhneigingu til að fækka í áhöfn skipa, sem að sjálfsögðu þýðir skert öryggi skipverja. Við slíkt er auðvitað ekki hægt að una og hafa sjómenn hvatt stjórnvöld til að gera rannsókn á afleiðingum þess að fækka í áhöfn, svo sem aukid álag og lengri vinnutíma. Í framhaldinu verði sett lög um lágmarks mönnun á fiskiskipum.

Ef ég man rétt, höfnuðu útgerðarmenn viðræðum um mönnunarmál, þar sem öryggismál væru ekki kjaramál. Slík afstaða er auðvitað hrein ósvífni, auk þess sem sjómenn taka þátt í að greiða tryggingar áhafna fiskiskipa.

Ég vil nefna eitt atriði í viðbót sem skiptir sjómenn á smábátum miklu máli, það er að inn í kjarasamninginn komi skýr ákvæði um hvíldartíma.

Skemmst er frá því að segja að listi útgerðarmanna yfir helstu málin í kjaraviðræðunum er langur og ítarlegur. Flestum málum er ætlað að draga út kostnaði útgerðarinnar og þar með skerða laun og önnur kjör sjómanna. Slíkar kröfur eru settar fram á sama tíma og hagnaðurinn telst vera í hæstu hæðum.



Nýir menn til forystu

Í desember í fyrra urðu viss kaflaskil í sögu Sjómannasambands Íslands. Valmundur Valmundsson frá Sjómannafélaginu Jötni í Vestmannaeyjum var kjörinn formaður, hann tók við formennsku af Sævari Gunnarssyni sem verið hafði formaður í 20 ár og gaf ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku. Sævari þakka ég fyrir vel unnin störf í þágu sjómanna.

Nokkrum mánuðum áður var Kolbeinn Árnason lögmaður ráðinn framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna. Forveri hans, Friðrik J. Arngrímsson, hafði verið framkvæmdastjóri LÍU í nærri fjórtán ár. Með öðrum orðum, bæði útvegsmenn og sjómenn hafa ráðið til sín nýja forystumenn.

Auðvitað er framtíðin óskrifað blað, en mér þykir engu að síður rétt að undirstrika mikilvægi þess að gengið verði frá kjarasamningum sem allra fyrst. Sjómenn hafa á vissan hátt verið í gíslingu útvegsmanna í nokkur ár. Sú staða er auðvitað ekki boðleg og ég treysti nýjum formanni Sjómannasambands Íslands til að standa í stafni og sjá til þess að ýmis sjálfsögð kjara- og réttindamál sjómanna fái farsælan endi.

VEÐUR APPIÐ Í SÍMANN ÞINN



Veður



Veðurstofa Íslands

Veðurstofa Íslands



Halldór Pétur Ásbjörnsson, Verkstjóri HB Granda

Virkjanir og hrun fiskistofna á Íslandi

Geta virkjanir í Þjórsá haft áhrif á stofnstærð þorsks og loðnu?

Virkjanir í Þjórsá og möguleg áhrif þeirra á árnar og landsvæðið í kring hafa verið mikið í umræðunni. Hinsvegar hefur ekki verið beint mikið sjónum að þeim áhrifum sem þessar virkjanir geta haft á lífríki strandsvæðisins og sjóinn. Strandsvæði Þjórsár og framburður er mjög mikilvægur fyrir afkomu sjávarútvegs á Íslandi. Sjávarsvæði neðan við Þjórsá er helsta hrygningarsvæði loðnu og þorsks á Íslandi. Miklar breytingar á hrygningarstöðvum fiska geta haft neikvæð áhrif á vöxt stofns til langs tíma. Mikilvægt er að meta þau þau áhrif sem gætu orðið á vistkerfinu í ám og vötnum og einnig í sjónum.

Náttúran njóti vafans

Hvaða áhrif getur hindrun á ferskvatni úr ám haft á seltu, hitastig, lagskiptingu sjávar, framboð á næringarefnum, tegundasamsetningu og hrygningu þeirra fiska sem þar hrygna? Getur verið að Ísland sé komið á þann tímapunkt í virkjanaframkvæmdum í Þjórsá að velja þurfi annað hvort sjávarútveg eða virkjanir til raforkuframleiðslu fyrir annarskonar stóriðnað. Ef ekki, hvar eru þá þálmörkin? Meðan þessum spurningum er ósvarað ætti þá náttúran ekki að njóta vafans?

Fæðukeðjan í sjónum

Hitastig sjávar og lagskipting skiptir miklu máli fyrir lífríkið. Á veturna kólnar yfirborð sjávar og dýr leita neðar þar sem minna sólarljós gættir. Á vorin hitnar svo yfirborð sjávar og vegna lægri eðlisþyngdar þá liggur það stöðugt ofaná kalda sjónum. Plöntusvífíð helst í þessu lagi og nýtir lífrænu efnin sem berast að með lóðréttum straumum og úr neðri lögum sjávar og sólarljósið sem berst að ofan. Á svipuðum tíma er átan að ná sér af stað vegna aukins fæðuframboðs og

hrygning ýmissa fiska er á ýmsum stigum og klak jafnvel hafið. Náttúran hefur hagað því þannig að samband þessara dýra er mjög náð. Til að klak beri árangur þurfa allar umhverfisaðstæður að vera sem bestar. Hitastig, selta, þörungur, áta, straumar og tími. Ef einn þessara þátta sker sig úr gæti klak misheppnast.

Stíflur fyrir virkjanir geta haft áhrif á fleiri en einn þátt og því ætti að huga vel að því hvar þeim er komið niður. Með því að stöðva vorleysingarnar til að jafna út rennslið yfir árið þá er verið að hamla því að kalt, næringarríkt ferskvatn renni til sjávar í því magni sem það á að gera. Þjórsá er sérstök að því leiti að þar sem hún rennur til sjávar hrygna tveir af mikilvægustu nytjastofnum Íslendinga, loðnan og þorskurinn. Hindrun á fersku vatni og næringu hefur áhrif á vöxt þörungna á svæðinu sem hefur þær afleiðingar að átan fær minni næringu og nær því ekki að vaxa og fjölga sér sem skyldi. Þetta getur síðan haft áhrif á þá næringu sem loðnan og þorskurinn þurfa. Þetta getur komið hvað harðast niður á þorskinum. Meðan loðnuhrognin leita á botninn þá eru þorskhrogn sviflæg og leitast við að fara í sína kjörseltu, en hindrun á fersku vatni getur valdið því að hrognin lenda aldrei á slíku svæði. Þorskeiðin éta átuna líkt og loðnuseiðin en skortur á átu getur svo valdið því að þau seiði sem að enn lifa eiga erfiðara með að ná í fæðu þegar kvíðpokastigi líkur. Minnkun á fersku, næringarríku vatni til sjávar getur einnig leitt til breytingu á samsetningu á þörungna. Hætt er við að kjörskilyrði fyrir eitruþörungna gætu myndast sem gæti haft gríðarlegar afleiðingar fyrir allt dýralíf á hrygningarslóðinni. Breytingar á vistkerfi Þjórsár og umhverfi hennar getur að lokum valdið hruni hjá loðnu og þorsk með tilheyrandi afleiðingum fyrir atvinnulífið.



Að mörgu að huga


Við mannfólkið eigum það til að ganga að náttúrunni sem vísun hlut og einfalda hana full mikið. Náttúran er hinsvegar margslungin. Það er ekki að ástæðulausu sem fiskar eins og loðnan og þorskurinn fari í langar göngur suður fyrir land til að hrygna. Náttúran hefur búið til kjörskilyrði fyrir þessar tegundir til að vaxa og dafna. Við getum hæglega veitt allan þann fisk sem er í sjónum með þeim tækjum sem til eru í dag en það er ekki hagkvæmt fyrir neinn. Allir tapa. Þess vegna var settur kvóti á þessar tegundir svo við gengum ekki á stofnana og við næðum að byggja þá upp. Þá er alveg sama hversu vel okkur gengur að byggja upp stofnana frá veiðisjónarmiði ef við ætlum svo að drepa niður stofnana með því að eyðileggja þær kjöraðstæður til hrygningar sem hafa skapast fyrir neðan Þjórsá. Ekki er þó hægt að líta framhjá því að virkjanir eru nokkuð skárrí kostur en notkun á olíu. Hinsvegar ef virkjanir eru settar niður á röngum stöðum þá geta umhverfisáhrif þeirra verið margfalt verri og eyðilagt heilu lífkerfin og jafnvel atvinnugreinarnar ef ekki er vel að gáð.

„ Við mannfólkið eigum það til að ganga að náttúrunni sem vísun hlut og einfalda hana full mikið. “

FRAMÚRSKARANDI lausnir fyrir fiskframleiðendur

Samvals- og pökkunarflokkari

- » Fyrir flök eða bita
- » Sjálfvirk kassamötun
- » Allt að 80 stk á mín.
- » Möguleiki á millileggi
- » Lágmarks yfirvigt
- » Frábær hráefnismeðh.



Valka

Víkurhvarfi 8 | 203 Kópavogur | S: 519 2300 | valka@valka.is | www.valka.is

*Alltaf sígild,
alltaf ljúf*



Bankastræti 2, 101 Reykjavík
Tel: (+354) 551 4430
info@laekjarbrekka.is
www.laekjarbrekka.is



Let's be friends!



/laekjarbrekka vurl.is/i

Laekjarbrekka
*Alltaf sígild,
alltaf ljúf*

Alda Agnes Gylfadóttir,
frankvæmdarstjóri hjá Einhamar seafood ehf.

Íslenska leiðin

Frá því að ég kom aftur að bransanum fyrir rúmum þremur árum eftir sautján ára fjarveru hafði ég á tilfinningunni að minnimáttarkennd væri töluverð meðal íslenskra fiskframleiðenda. Alls ekki hjá öllum, en þó fannst mér þetta frekar algengt. Á hverju hausti byrjuðu menn að hafa áhyggjur af komu Norðmanna inná markaðinn á nýju ári. Auk þessu höfðu menn og hafa sífelldar áhyggjur af þessum „stóru“, flugplássi, local fiski og bara hverju sem er.

Hvað veldur þessu óöryggi íslenskra fiskframleiðenda? Það skyldi þó ekki vera að hluta til reynslan sem veldur þessum óróa ásamt nettum hræðsluáróðri. Það hefur nefnilega líka loðað við bransann, alls ekki hjá öllum, en því miður of mikið, að halda að heimsmarkaðurinn taki einungis við því magni sem berst frá litla skerinu, og því hljóti allur sá fiskur sem kemur inná markaðinn, hvort heldur er frá Norðmönnum eða öðrum Íslendingum, að taka okkar pláss á markaðnum. Þá fara menn í að dömpa verðum og slást innbyrðis og erlendir kaupendur bíða

rólegir eftir verðlækkunum á meðan við klörum augun hvort úr öðru. Þetta er ekki algilt, langt því frá og sem betur fer. Ég þekki nokkra harðduglega einstaklinga sem hafa farið jafn hratt og nýjar flugleiðir opnast frá landinu og fundið nýja markaði og nýja kaupendur. Það er auðvitað rétta leiðin og sú leið sem menn hafa farið til að ná í og viðhalda sölusamningum.

Svo eru það þeir sem telja ekki ástæðu til að vinna þessa vinnu ef hægt er að komast hjá því og sækja á þá markaði sem þegar eru til staðar og þá sér í lagi þá samninga og kaupendur sem þegar er framleitt fyrir. Það er þessi aðferð sem ég kalla íslensku leiðina. Það er með öllu óþolandi að menn skuli, oftast í krafti stærðar sinnar með undirboðum, reyna að ná í samninga annara og smærri framleiðenda.

Heimsmarkaðurinn er að breytast og vitund neytanda og kröfur um sjálfbærni, rektanleika

og hreina fæðu hefur aukist og mun aukast enn frekar í náinni framtíð. Það er aukin eftirspurn eftir gæðafiski í heiminum og þar stöndum við Íslendingar í fremsta flokki og án efa er pláss fyrir allann okkar fisk.

Eigið góðar stundir og megi guð gefa okkur öllum gleðileg jól.



FUNDARÝMI VIÐ HÖFNINA

Hús sjávarklasans býður upp á fjölbreytta fundaraðstöðu fyrir fyrirtæki ásamt veitingum frá Bergsson RE. Fundarýmið rúma allt að 22 gesti og eru ýmist útbúin skjám eða skjávörpum, ásamt þráðlausu neti og öðrum nútíma þægindum.

Nánari upplýsingar í síma 577 6200 eða á netfanginu eva@sjavarklasinn.is





*Við sendum okkar bestu óskir um gleðileg jól
og gæfuríkt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.*



Við erum sérfræðingar á okkar sviði

Höfum áratuga reynslu á sviði

- Rennismíði, fræsivinnu & CNC
- Kælipjónustu & kælivíðgerða
- Vélavíðgerða & víðgerða á heddum
- Málmsprautunar og slípunar

CARRIER
Sölu- og þjónustuaðilar



BOCK kæli- og frystipressur
Sölu- og þjónustuaðilar



DHOLLANDIA
Sölu- og þjónustuaðilar



SCHMITZ
Sölu- og þjónustuaðilar



Guðrún A. Jónsdóttir, skrifstofustjóri hjá Iceland Pelagic ehf. og stjórnarmaður í Félagi kvenna í sjávarútvegi.



Konur í sjávarútvegi, tengslanet og fræðsla

Sjósókn Íslendinga og nýting sjávargæða við strendur landsins hófst með fyrstu landnámsmönnum og alla tíð síðan hefur sjávarútvegur í einhverri mynd verið stundaður. Framan af var hann rekinn samhliða landbúnaði en hefur til langs tíma verið einn aðalundirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar.

Sögu sjávarútvegs má skipta í þrjú megin skeið það er árabátaöld, skútuöld og vélaöld og sjávarútvegsfyrirtækin hafa að mestu verið í eigu einstaklinga og hlutafélaga. Þau eru eða hafa verið gegnum tíðina fremur smá og þá fjölskyldufyrirtæki en þróunin á undanföllum áratugum hefur verið sú að þau hafa vaxið og farið á hlutabréfamarkað. Hlutur sjávarútvegs í mannafla óx hratt á fyrstu áratugum 20. aldar og nær hámarki 1930 þá er 23% vinnuafis á Íslandi starfandi í sjávarútvegi, en fer svo fækkandi en árið 1990 eru um 12% starfandi í greininni og árið 2006 um 5% samkvæmt tölum Hagstofunnar um störf í sjávarútvegi það ár.

Sjávarútvegurinn hefur hingað til verið mjög karllæg grein. Fremur lítið hefur verið um að konur hafi verið sýnilegar sem stjórnendur. Árið 2004 var hlutfall kvenna sem starfa í sjávarútvegi það er fiskveiðum og fiskvinnslu um 30% á móti hlutfalli karla um 70%. Að öllum líkindum hefur þetta ekki breyst mikið. Einnig hefur hlutfall kvenna í stjórnun fyrirtækjanna gegnum árin verið frekar rýr. Konur hafa amk hér áður fyrir frekar hafa sóst almennum skrifstofustörfum en stjórnendastörfum og mjög lítið er um að konur ráði sig sem sjómenn.

Hugleiðing mín er því: Hvað veldur að konur hafa ekki verið sýnilegri í greininni? Höfðar sjávarútvegurinn ekki til kvenna? Vantar tengslanet kvenna í greinina, vantar fræðslu eða hvað?

Ég sjálf hef unnið í sjávarútveginum frá árinu 1991 til dagsins í dag. Þá sem starfsmaður á skrifstofu við útgerðarstjórnun, sem forstöðumaður í

ríkisstofnun, sem stjórnandi á söluskrifstofu og unnið sem starfsmaður í frystihúsi. Fyrir mér er þetta afar spennandi vettvangur sem teygir anga sína til allra atvinnugreina í landinu en í kringum sjávarútveginn hafa orðið til fjölmörg afleidd störf.

Oft hef ég setið fundi og farið ráðstefnur sem tilheyra greininni en þar hafa konur yfirleitt verið í miklum minnihluta.

Hvað veldur hvers vegna eru þær ekki fleiri eða sýnilegri? Ég held að gegnum aldir og þá ef skoðaðar eru litlu útgerðirnar þá hafi konan, oft eiginkonan sinnt fjármálum og ýmsum málum í landi, í raun framkvæmdastjóri meðan karlinn sinnti sjómennskunni en hún ekki verið sýnileg eða ekki kært sig um það.

Karlarnir hafa myndað sterkt tengslanet meðan konur hafa það ekki og þekkjast mjög lítið innbirgðis. Það er nú einfaldlega þannig ef maður þekkir mann þá á hann auðveldara með að koma sér áfram. Tengslanet skipta svo miklu máli.

Fræðsla skiptir einnig mjög miklu máli. Ef til vill finnst konum þetta almennt ekki aðlaðandi atvinnugrein. Kannski átta þær sig ekki á því að sjávarútvegurinn teygir anga sína út um allt. Að mínu viti þarf að fræða fólk almennt meira um greinina sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu og þá ekki hvað síst yngra fólk.

Það er heldur ekki það að karlmennt vilji ekki hleypa konum að í stjórnunarstöður eða stjórnun fyrirtækjanna heldur er það frekar skortur á tengslaneti kvenna innan greinarinnar og fræðsla um hvað þessi atvinnugrein hefur upp á að bjóða.

Eg bind miklar vonir við nýlega stofnað félag sem heitir „Félag kvenna í sjávarútvegi“, sem hefur það að markmiði að efla tengslanet kvenna í sjávarútvegi og afleiddum greinum. Félagar eru nú um 180 úr hinum ýmsu fyrirtækjum og stofnunum en þó aðallega af höfuðborgarsvæðinu. Að mínu mati er mjög

„ Að mínu viti þarf að fræða fólk almennt meira um greinina sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu og þá ekki hvað síst yngra fólk. “

nauðsynlegt að ná til kvenna á landsbyggðinni því þar eru margar af stærri útgerðunum. Félagið er að fara af stað með stóra rannsókn í samvinnu við Capacent og Háskólann á Akureyri um stöðu kvenna í Íslenskum sjávarútvegi og verður spennandi að sjá hvað kemur út úr henni. Nú þegar eru erlend samtök svo sem Sameinuðu þjóðirnar farnar að spyrjast fyrir um félagið, tilgang þess og má ætla að framhald verði á.

Einnig er mjög áhugavert það sem Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi eru með á sinni stefnuskrá varðandi menntun og fræðslu í greininni. Þekking og fræðsla landsmanna er hagsmunamál allra og þá á öllum stigum skólakerfis. Samtökin segja á heimsíðu sinni ætla í ríkari mæli taka þátt í stefnumótun um menntamál og tryggja að þessi mikilvæga grein búi að menntuðu starfsfólki með fjölbreytta þjálfun og menntun og er það vel.

Ef til vill gætu þessi tvö samtök, Félag kvenna í sjávarútvegi og Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi unnið saman að því að efla tengslanet og veita fræðslu.

Það hefur verið sýnt fram á það með rannsóknum að fyrirtækjum er best stjórnað ef þar eru stjórnenda- og starfsmannateymi í jöfnum hlutföllum karla og kvenna. Þá eru allir í vinningsliðinu.

Gleðileg jól.



Vökvakerfislusnir Vökvadælar, vökvamótorar og stjórnbúnaður

Stjórnbúnaður skipa. Tæknibúnaður sem ætlaður er til notkunar á sjó mætir erfiðustu hugsanlegu skilyrðum. Álag óblíðrar náttúru, miklar hitabreytingar og stöðugur ágangur af söltum sjó, eykur þörf viðskiptavina fyrir áreiðanlegan og skilvirkan búnað.

Danfoss hf. Skútuveg 6, 104 Reykjavík, Sími: 510 4100

PLUS COMPLIANT

COMPLIANT

ENGINEERING
TOMORROW

Lykill
að bættum
veiðum:

GLORIA®

Pantroll

- ...breiðari opnun - bætir veiðarnar
- ...minni mótstaða á stærri togfleti
- ...heldur lögun vel á litlum hraða
- ...auðveld í köstun og hífingu
- ...minni titringur og lægri hljóðbylgur, lágmarka fiskfælni
- ...yfirfléttaður kaðall með núningshlíf í mismunandi litum fyrir hvert byrði

HAMPIÐJAN

- Veiðarfæri eru okkar fag

www.hampidjan.is

Kjarasamningar sjómanna

F Nú hefur slitnað uppúr kjaraviðræðum sjómanna og útvegsmanna hjá ríkissáttasemjara.

Flestir sjómenn á Íslandi eru fjölskyldumenn. Þeir eru langdvölum frá heimili sínu og fjölskyldu. Nokkuð margir sjómenn róa í svokölluðu kerfi. Sumir róa einn túr eða einn mánuð og einn túr eða einn mánuð í fríi. Kerfi sem kallað er einn og einn, 1-1. Aðrir róa tvo túra eða tvo mánuði og einn túr eða einn mánuð í fríi. Þetta kerfi er tveir og einn 2-1. Sjómönnum sem róa 1-1 hefur fækkað með fækkun frystitogaranna. Yfirleitt er ein og hálf áhöfn á skipum sem eru ekki með kerfi. T.d. á togskipunum sem róa allt árið. 11-12 kallar um borð í hverjum túr en 15-18 fastráðnir.

Hafnarfrí.

Kjarasamningsbundið hafnarfrí á flestum veiðum er að lágmarki fjórir sólarhringar í mánuði. Þetta vill stundum vefjast fyrir sumum skipstjórum og útgerðarmönnum. Vegna þess fyrst og fremst að það er einnig ákvæði um að ef túr er fimm sólarhringar eða lengri á að stoppa í 24 tíma. Borið hefur á því að menn skilji þetta ákvæði ekki, telja sig vera búnir að stoppa fjóra sólarhringa í mánuðinum og þurfa svo ekki að stoppa meira þó mánuðurinn sé nýbyrjaður.

Þetta er misskilningur, kjarasamningurinn segir að skipverjum séu tryggðir minnst fjórir sólarhringar í mánuði en að lágmarki skal hafnarfrí vera 24 tímar þegar veiðiferð hefur staðið lengur en fimm sólarhringa.

Togarasamningurinn er aðeins öðruvísi þar safnast hafnarfrí upp eftir lengd veiðiferðar. 1 tími fyrir hverja 6,5 tíma sem verið er á sjó. Bæði á frystitogurum og ísfiskurum. Frystitogarar mega vera mest 40 daga í sömu veiðiferð.

Þetta er aðeins öðruvísi á netaveiðum en þar skulu tveir frídagar af fjórum teknir á sunnudegi, sem sagt helgarfrí. Einnig er helgarfrí á humarveiðum aðra hverja helgi í tvo sólarhringa.

Hvildartími.

Hvildartíminn er nokkuð misjafn milli útgerðarflokka. Á línu, neta og dragnótaveiðum er lágmark 6 tíma hvíld á sólarhring en 8 tímar ef skip er á útilegu. Á togbátunum er 8 tíma lágmarkshvíld á sólarhring. Á togurum er 12 tíma hvíld og misjafnt hvernig sú hvíld er útfærð. Annaðhvort eru staðnir 6 og 6 tímar eða 8 tímar á rúllandi vöktum. Á uppsjárveiðum er lágmarks 6 tíma hvíld á sólarhring, nema á kolmunnaveiðum þar eru engin hvíldarákvæði en í sjómannalögum er einnig tryggð lágmarkshvíld.



Hvers vegna upprifun?

Af hverju er ég að rifja þetta upp núna? Jú vegna þess að nú eru sjómenn og útvegsmenn að takast á um þessi mál. Útvegsmenn innan SFS sem hét fyrir stuttu LÍÚ, vilja fækka mannskap á skipum sínum til hagræðingar og til að lækka launakostnaðinn. Á kostnað hvíldartímans og öryggis skips og áhafnar. Ég geri mér grein fyrir að þetta eru stór orð. En í gegnum tíðina höfum við lært að þreytt og illa sofin áhöfn gerir mistök og of fáir menn um borð er ávisun á vandræði. Sjómannasamtökin lögðu fram tillögu um að sett yrði gólf í fækkun í áhöfn á uppsjárveiðum og á skuttogurum. 10 kallar á trolli og 12 á nót. 14 kallar á ísfisk skuttogurum. Engar breytingar á skiptakjörum þau eru óbreytt.

Grundvallarbreytingar?

Þetta kallar SFS „grundvallarbreytingar“ á skiptakjörum og svaraði með „tilboði“ um að ef 8 menn eða færri væru í áhöfn þyrfti ekki matsvein. Það ætti að vera ákvörðun útgerðar hverju sinni hvort þyrfti matsvein yfirhöfuð. Ekkert gólf og það heyrðist að 5 kallar gætu séð um alla vinnu á þessum nýju skipum. Ábyrgur málflytningur eða? Krafa um skrinukost er það næsta og líklega um sýrukúttinn líka. Samt segja kannanir og rannsóknir okkur að mataræði sjómanna skipti mjög miklu máli í heilsufari þeirra, fækki veikindum og slysum. Þessu skal nú fórn að

altari Mammons. Einnig kom fram í „tilboði“ SFS að öryggi áhafnar ætti ekki heima í kjarasamningi. Með þeim rökum má segja að áratuga langt samstarf útgerðarmanna og sjómanna um öryggismál sé rofið. Ef öryggi áhafnar á ekki heima í kjarasamningi þá geta sjómenn ekki greitt niður slysatryggingar útgerðarinnar, sem við samþykktum að taka þátt í á sínum tíma. Ákvæði um hvíldartíma er einnig öryggismál og það stórt. Allir eru sammála um að þreyttur og vansvefta starfsmaður er ekki til fyrirmyndar fyrir viðkomandi atvinnurekanda. Mörg dæmi eru um alvarlegar afleiðingar eru vegna þessa. Þess vegna finnst mér útgerðarmenn sýna sjómönnum mikla lítillsvirðingu með þessu „tilboði“. Fleira mætti tína til sem snýr beint að öryggi sjómanna í kjarasamningi okkar.

Ábyrgar fiskveiðar?

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, SFS berja sér á brjóst, á hverri ráðstefnunni á fætur annari, og segja okkur Íslendinga stunda „ábyrgar fiskveiðar“. Þessi málflytningur er til útflutnings og sagt að aðrar þjóðir öfundi okkur af vottuðum „ábyrgum fiskveiðum“. Fiskveiðar okkar eru ekki ábyrgar meðan sjómenn njóta ekki samnings- og lögboðinnar hvíldar því enginn möguleiki er á að þeir geti hvílst ef kröfur SFS ná fram að ganga. Reyndar ekki heldur í dag þar sem klipið á

er af hvíldartíma sjómanna með því að þeir standa frívaktir og samkvæmt nýlegri könnun eru dæmi um að sjómenn standi í 30 tíma samfleytt. Fiskveiðar okkar eru ekki ábyrgar meðan öryggi skips og áhafnar er ekki tryggt sökum fámennis um borð. Þessu verður komið til skila.

Hvað hefur borið hæst á árinu 2015?

Mér finnst tíðarfarið hafa borið hvað hæst til sjós á þessu ári. Veturinn var ótrúlega erfiður og haustið einnig. Loðnuvertíðin var góð en margir sjómenn hafa sagt frá að þetta hafi verið erfiðasta vertíð í mörg ár. Byrjaði fyrir norðan um 20 janúar og var flotinn að veiða loðnu í nótt á Húnaflóanum í byrjun febrúar! Svo gekk hún austur fyrir og um 20 febrúar var komin nótaveiði í Lónsbugtinni en alltaf sama helvítis brælan. Fróðlegt verður að fylgjast með hvort loðnan lætur sjá sig á næsta ári og þá hvar.

Sofandi ríkisstjórn.

Ríkisstjórnin okkar gerði sig seka um alvarleg mistök þegar hún á miðju sumri framlengdi viðskiptabann á Rússland og fyrirsjáanlega lokuðu rússarnir á okkur með allan fiskinnflutning til þeirra. Tjónið sem hlotist hefur af þessari vitleysu er stórt. Stóra spurningin er hvort menn ætla að halda þessu bulli áfram eftir áramót eða að reyna að semja við rússann. Vísbendingar eru þó um að mikil aukning verði á útflutningsverðmætum á árinu, allt uppí 35 milljarða aukning sem ber að fagna.

Nýtt vigtarfrumvarp.

Nýtt vigtarfrumvarp var smíðað á árinu. Er nú í vinnslu hjá Sigurði Inga og félögum. Það

gengur í fáum orðum útá það að sjávarafli sé rétt vigtaður á Íslandi. Föst ísprósenta er í boði fyrir dagróðrabáta og fyrir útileguskip og báta er boðið uppá samning um hve mikið af fiski á að vera í hverju íláti. Einnig er aðlögun fyrir uppsjávargeirann um vigtun uppsjávarafla, allir vigti eins. Ég hef áður minnst á að það hlýtur að vera hægt að hanna græju sem vigtar fiskinn í hvert kar uppá kíló. Nóg eigum við af frábærum uppfinningamönnum og konum, sem og fyrirtækjum sem hanna og framleiða hágæða búnað fyrir sjávarútveginn. Þeim verður ekki skotaskuld úr því að tækla þetta. Það hlýtur að vera hluti af „ábyrgum“ fiskveiðum að sjávarafli sé rétt vigtaður.

Arðgreiðslur sjávarútvegsfyrirtækja á Íslandi.

Það gengur vel í sjávarútveginum og hefur gert frá hruni. Arðgreiðslur fyrirtækjanna eru um 50 milljarðar frá hruni og hagnaður þeirra mörg hundruð milljarðar. Það eru alkunn sannindi að það helst í hendur þegar vel gengur í útgerðinni hafa sjómenn það gott og svo öfugt. Því er stundum baunað á sjómenn að þeir hafi það alltof gott. Yfirleitt er það fólk sem ekki tengist sjó á nokkurn hátt og veit lítið sem ekkert um starf sjómannsins. En nú bregður nýrra við. Fólk sem er beintengt sjávarútveginum er farið að taka undir þessi sjónarmið. Greinilega með kíkinn fyrir blinda auganu. Fyrir ekki svo mörgum árum voru skipstjórnar og sjómenn þessa lands hæstu skattgreiðendur landsins. Svo er ekki lengur þó þeir margir hverjir hafi það sæmilega gott. Sjómenn fá ekki arðgreiðslur og hafa ekki farið fram á það. Þeir ætlast til að fá greitt fyrir sína

vinnu á jafnréttisgrundvelli. Það er því nokkuð klént að hluti sjómanna fær lægri laun en aðrir sjómenn fyrir sömu vinnu. Vegna þess hvernig ákvörðunum um fiskverð er háttáð. Einnig að allir sjómenn sem ráðast á ný skip skuli sæta 10% launalækkun í sjö ár. Þeir eignast nú samt ekki hlut í viðkomandi skipi eða útgerð. Það hefur ekki reynst reiknimeisturum útgerðarinnar erfitt að reikna sig á hausinn þegar kemur að nýsmýði fiskiskipa. Skyldi vera að fiskverðið sem þeir nota í dæmið sé „aðeins“ of lágt?

Öryggismál sjómanna.

Slysavarnaskóli sjómanna varð 30 ára á árinu. Ég held að sjómenn geti seint fullpakað þeim sem komu skólanum á fót og fyrir störf þeirra. Það hefur sannað sig að slysum og þá sérstaklega dauðaslysum hefur snarfækkað. Frá 2008 hafa verið þrjú ár sem enginn sjómaður hefur farist við störf sín. Þetta er held ég fyrst og fremst starfi Slysavarnaskólans að þakka. Sjómenn eru orðnir miklu meðvitaðri um slysavarnir og gæta meira að sínu nærhverfi um borð og nota réttan öryggisbúnað. Þessum árangri má aldrei fórna í þágu hagræðingar og með því að fækka í áhöfn niður fyrir öll velsæmis- og öryggismörk. Sjómenn vilja að Rannsóknarnefnd sjóslysa verði tryggt nægt fjármagn til rannsókna sjóslysa á tilhlýðilegan hátt. Til þess að fyrirbyggja og minnka slysatíðni til sjós þarf að rannsaka þau til hlítar og þar má skortur á fjármagni ekki vera fyrirstaða.

Að þessu sögðu óska ég sjómönnum og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsæls nýárs.



GJAFAPOKAR ÍSLENSKA SJÁVARKLASANS 'GULL OG GERSEMAR HAFSINS'. EINSTÖK GJÖF FYRIR FYRIRTÆKI OG EINSTAKLINGA MEÐ FLOTTUM NÝJUNGUM ÚR SJÁVARKLASANUM.

FYRIRSPURNIR OG PANTANIR BERIST TIL: EYRÚN HULD ÁRNADÓTTIR EYRÚN@SJAVARKLASINN.IS / 577-6200



Höskuldur Steinarsson, framkvæmdarstjóri Fjarðarlax

Árið hefur verið uppbyggingarár í fiskeldi

Á þeim 6 árum sem ég hef starfað við sjókvíaelði með lax hef ég margoft verið spurður hvort þetta laxeldi sé ekki bara rugl, margreynt ævintýri sem alltaf fari illa. Ýmsir sögðu við mig árið 2009 að þetta myndi aldrei fara af stað, þetta væri fyrir löngu fullreynt á Íslandi. Aðrir sögðu eitthvað eins og „gefum þessu tvö, þrjú ár og þetta verður farið á hausinn“. Almenningsálitið var ekki með okkur og það var deginum ljósara að margir töldu okkur vitfirra að leggja niður önnur störf til þess að freista þess að byggja aftur upp laxeldi á Íslandi. Og þar að auki í því andrúmi sem var í samfélaginu í kjölfar efnahagsshrunsins! Núna, sex árum síðar hefur laxeldið snúið við byggðapróun á sunnanverðum Vestfjörðum og þar starfa nú á annað hundrað manns beint við seiðaelði, sjókvíaelði, og vinnslu og pökkun eldisafurða. Þá eru spennandi tímar framundan í sjókvíaelði á Austfjörðum, myndarleg uppbygging á sér stað í Berufirði og verkefni er í undirbúningi í Reyðarfirði. Og ekki má gleyma þeim frábera árangri sem náðst hefur í bleikjuframleiðslu en Ísland er stærsta framleiðsluland bleikju í heiminum! Allt hefur þetta jákvæð áhrif á atvinnulífið og framundan eru spennandi tímar og áframhaldandi vöxtur í fiskeldi á Íslandi.

Árið 2015 hefur verið uppbyggingarár í fiskeldi á Íslandi. Heildarframleiðslan er nokkuð undir því sem gert var ráð fyrir en það skýrist af því að sjókvíafyrirtækin sem lengst eru komin í uppbyggingunni hafa aðeins hægt á sér og seinkað slátrun en framleiðslutölur byggja á henni. Slátrað magn af laxi úr sjókvíum hliðrast því aðeins til og verður því í staðinn meira á árinu 2016 en gert var ráð fyrir. Úr Arnarfirði einum og sér munu fyrirtækin tvö sem þar starfa, Fjarðalax og Arnarlax, slátra nálægt 6000 tonnum á árinu 2016. Til samanburðar þá var heildarmagn sem framleitt var af öllum eldisfiski á Íslandi árið 2014 um 8.600 tonn. Við nálgumst því óðfluga


mestu framleiðsluár sögunnar í fiskeldi á Íslandi og viðbúið er að heildarframleiðslan muni fara yfir 20.000 tonn innan fárra ára. Og þetta er í raun ósköp eðlileg þróun. Fiskneysla hefur aukist mikið undanfarna áratugi og með breytri neysluhegðun mannkyns má færa rök fyrir því að hver einstaklingur á jörðinni neyti nú fjórum sinnum meira af sjávarfangi á ársgrundvelli en sambærilegar tölur frá 1950 segja til um. Krafan um aukið fæðuframboð af fiski í heiminum leiðir því óhjákvæmilega til frekari þróunar í fiskeldi en neysla á fiskeldisafurðum í heiminum hefur þúsundfaldast frá árinu 1970! Það er nefnilega einfaldlega takmarkað hvað hægt er að sækja af villtum fiski í heimshöfin og því munu tækniþróunir í eldi leiða okkur inn í framtíðina. Talið er að árið 2030 muni um helmingur af öllum fiski sem mannkynið neytir, koma úr fiskeldi. Það ætti því ekki að koma á óvart að þekking og fjármagn leiti nú leiða til að gera fiskeldi öruggara og auka sjálfbærni þess. Reyndar fiskeldisþjóðir í kringum okkur hafa leitt tækniþróunina og við sem nú puðum við að byggja upp þessa atvinnugrein á Íslandi njótum góðs af þeirri þekkingu sem sækja má til kollega okkar í Noregi, Færeyjum, Skotlandi og Kanada.

Og áhuginn virðist gagnkvæmur því árangur íslensku sjókvíaeldisfyrirtækjanna undanfarin 5 ár hefur beint sjónum að Íslandi, sem raunhæfum sjókvíaeldiskosti. Það er ánægjulegt að erlend fiskeldisfyrirtæki vilji nú fjárfesta í atvinnugreininni á Íslandi. Nokkur af þeim fyrirtækjum sem nú byggja hér upp eru með erlenda fagfjárfesta á bakvið sig og með þeim kemur þekking og aðgangur að tækni sem okkur er afar mikilvægur í uppbyggingunni á Íslandi. Því reyndari sem bakhjarlar eldisfyrirtækjanna eru, þeim mun líklegri er að við getum lært af reynslu annarra og sneitt hjá helstu pyttum. Allt vinnur þetta í rétta átt og fiskeldið sem atvinnugrein verður sterkari á Íslandi. Það er bjargföst trú okkar hjá Landssambandi



Fiskeldisstöðva að atvinnugreinin sem við lifum og hrærumst í verði æ meira áberandi á næstu árum. Atvinnuuppbyggingin sem af henni hlýst er þegar farin að slá á helstu gagnrýnisráddirnar og úrtöllumönnum sem þusa yfir okkur eldismönnum í fermingarveislum og ættarmótum fer fækkandi. Sem betur fer.

Þó er enginn skortur á mönnum sem telja sjókvíaelðið af hinu illa og gifuryrði fljúga gjarnan um meinta mengunarhættu sem af því gæti stafað. Við því er það helst að segja að fáar atvinnugreinar búa við jafnstranga löggjöf og sjókvíaelðið. Stórum hluta Íslands er nú þegar lokað fyrir sjókvíaelði í þeim tilgangi að koma í veg fyrir hugsanleg neikvæð áhrif á laxastofna ef til óhappa kæmi. Þetta fyrirkomulag er til fyrirmyndar og er eftir því tekið á alþjóðavettvangi. Þá greiða fyrirtæki sem leyfi hafa til að ala laxfiska í sjókvíum í sérstakan umhverfissjóð sem nýttur er til rannsókna á lífríkið og umhverfi eldisstöðvanna. Að standa fyrir frekari fræðslu og umræðum er eitt af stóru verkefnum sem framundan eru hjá okkur hjá Landssambandi Fiskeldisstöðva enda óskum við þess eins að starfa áfram í sátt við umhverfið. Þekking er lykillinn af frekari uppbyggingu fiskeldis á Íslandi.



Fisktækniskóli Íslands

Icelandic College of Fisheries

Martak

við vinnum með þér

Veljum vandað - veljum Íslenskt

Ílagnartankar

Stýrt ílagnarferli bætir nýtingu og eykur jafna upptöku afurðarinnar.



Pillunarvél

Endurbyggð vatns- og orkusparandi hönnun sem býður uppá ýmsa áður óþekkta valmöguleika til að stýra pillun. Þrífavænni hönnun en áður hefur þekkt.

Blásari

Einn öflugasti skelblásarinn sem framleiddur hefur verið til þessa. Endurbætt þrífvæn hönnun, afkastameiri blásari en áður hefur verið framleiddur, byggður á sama grunni og eldri blásarar frá Martak.



FISKUR



KJUKLINGUR



RÆKJUR



HUMAR



SKELFISKUR

Martak ehf. er í hópi öflugustu fyrirtækja landsins í þróun og framleiðslu á lausnum og búnaði fyrir matvælaíðnaðinn á Íslandi.

Mikið heimildarit um stórhvalaveiðar fyrr á öldum.

Bókin Stórhvalaveiðar við Ísland til 1915 eftir Norðfirðinginn Smári Geirsson hefur verið tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki fræðibóka. Smári hefur unnið að þessari bók undafarin ár og leitaði víða fanga. Smári segir Íslendinga hafa veitt hvali með frumstæðum aðferðum á öldum áður og alveg fram á nítjándu öld. „Arnfirðingar skutluðu hvali lengst og þá fyrst og fremst kálfa. Þeir hlífðu kúnum og sömu kýrnar komu til þeirra ár eftir ár svo þeir voru farnir að þekkja þær og gáfu þeim nöfn.“ Síðan voru það erlendir hvalfangarar sem stunduðu stórhvalaveiðarnar og gerðu út til þeirra héðan frá Íslandi.

Fyrsta vélvædda verksmiðjan á Íslandi

„Stórhvalaveiðar útlendinga hér við land hófust í með veiðum Baska sem gerðu út frá Strandasýslu í byrjun sautjándu aldar. Margir hafa nú heyrt um Spánverjavígin árið 1615 en þau tengdust einmitt hvalveiðum Baskanna,“ segir Smári. Hann segir miklar hvalveiðar hafa verið í Norðurhöfum á þessum tíma. „Hollendingar og Bretar voru býsna stórtækir þá. Síðan var tímabilið 1863-1872 mjög merkilegt en þá stunduðu Bandaríkjamenn,


Danir og Hollendingar hér hvalveiðar. Austur á Vestdalseyri við Seyðisfjörð reistu Bandaríkjamenn hvalstöð árið 1865, sem án efa var fyrsta vélvædda verksmiðjan á Íslandi og fyrsta vélvædda hvalstöðin í heiminum. Þá voru menn að prófa sig áfram með að veiða reyðarhvali. Þessar tilraunaveiðar gengu erfiðlega og komu upp ýms tæknileg vandamál.“

Mesta ársveiðin rúmlega 1.300 hvalir

Blómaskeið Norðmanna í stórhvalaveiðum við Ísland er þó fyrirferðamest í bókinni. „Það blómaskeið, sem ég kalla norska tímabilið, hófst 1883 en Norðmenn urðu stórtækir bæði á Vestfjörðum og Austfjörðum. Þegar mest var voru hvalstöðvarnar níu talsins og höfðu á sínum snærum 32 hvalveiðibáta. Á Vestfjörðum voru mest átta hvalstöðvar um tíma og á Austfjörðum urðu þær flestar fimm. Árið 1902 var aflasælasta árið en þá voru rúmlega 1.300 stórhvalir veiddir hér við land. Þá voru stærstu hvalstöðvarnar á Sólbakka í Önundarfirði fyrir vestan og síðar á Asknesi í Mjóafirði fyrir austan en sama fyrirtækið rak báðar stöðvar.“ Þegar mest var störfuðu margir við hvalveiðar og -vinnslu hér á landi og Smári segir að þegar starfsmenn voru flestir hjá fyrirtækinu sem rak hvalstöðina á Asknesi í Mjóafirði hafi þeir verið á fjórða hundrað. Hann segir bátana sem stunduðu veiðarnar hafa verið misstóra. Þeir minnstu hafi verið um 70 tonn en þeir stærstu tæp 200 tonn.

Andstæðingar veiða töldu hvali reka torfufisk að landi

Miklar deilur voru um hvalveiðarnar þá eins og síðar, ekki síst í byrjun tuttugustu aldarinnar. „Svokölluð hvalrekstrarkenning var mikið notuð hjá andstæðingum hvalveiða en þeir sem aðhylltust hana töldu stórhvali reka torfufisk, eins og síld, upp að ströndum landsins og inn á firði. Á eftir kæmu svo þorskur og annar matfiskur að sækja í torfufiskinn. Þessu mótmæltu þeir sem studdu hvalveiðar og fræðimenn líka. Bjarni Sæmundsson fiskifræðingur var einn þeirra sem



sögðu hvalrekstrarkenninguna ekki eiga við nein rök að styðjast. Það voru haldnir fundir um þessi mál á Vestfjörðum og Norður- og Austurlandi og mikill þrýstingur var á Alþingi sem endaði með því að 1913 samþykkti Alþingi bann við stórhvalaveiðum hér við land,“ segir Smári Geirsson sem lengi hefur unnið að heimildaöflun fyrir bókina. Hann var til dæmis í Noregi veturinn 2010-2011 og dvaldi þá í Vestfold og Haugasundi en þaðan komu þeir Norðmenn aðallega sem störfuðu við hvalveiðar á Íslandi. Þar segist Smári hafa fundið talsverðar heimildir um hvalveiðarnar sem ekki hafi komið fram áður. Bókin er því mikil söguleg heimild og varpar þetta ljósi á upphaf stórhvalaveiða við Ísland en áður hefur verið gert. Í bókinni eru 470 myndir og kort og hefur stór hluti myndefnisins ekki komið fyrir sjónir Íslendinga áður.



Áhugaverðar jólabækur 2015

Eitthvað að lesa fyrir alla

Flestir kunna að meta þá ánægju sem felst í því að setjast niður með góða bók. Margir biða líka alltaf spenntir eftir Bókatiðindunum því gaman að sjá hvaða mola okkur verður boðið upp á fyrir hver jól. Það getur hins vegar verið erfitt að velja hvaða bækur henta vel til gjafa og eins hvaða bækur mann langar sjálfan til þess að fá. Til að leysa úr þessum vanda tók Sjávarafli saman stuttan lista yfir áhugaverðar bækur sem margar hverjar eru ekki áberandi í auglýsingaflóðinu. Njótið vel!

Dimma eftir Ragnar Jónsson: Lögreglufulltrúinn Hulda rannsakar síðasta sakamálið sitt áður en henni er gert að hætta störfum fyrir aldurs sakir, 64 ára gömul. Ung kona, hælisleitandi frá Rússlandi finnst látin á Vatnsleysuströnd og bendir ýmislegt til þess að hún hafi verið myrt. Engum er hægt að treysta og enginn segir allan sannleikann. Hörmulegir atburðir úr fortíð Huldu sækja á hana og hún gerir afdrifarík mistök við rannsóknina sem hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar

Háski í hafi, kafbátur í sjónmáli eftir Illuga Jökulsson: Hér fjallar Illugi um heimstýrjaldarárin síðari og hættur sem steðjuðu að íslenskum sjómönnum á þeim skuggalegu tímum. Ekki var nóg með að íslenskir sjómenn þyrftu að kljást við óveður og stórsjó einn og fyrir, heldur leyndust nú í undirdjúpunum þýskir kafbátar og sættu færís að senda frá sér tundurskeyti að hverju því skip sem þeir grunuðu um að ganga erinda Bandamanna.

Þetta var nú bara svona eftir Jóhann Guðna Reynisson: Ævisaga Jóns Magnússonar, skipstjóra og athafnamanns á Patreksfirði. Þetta er baráttu saga manns sem var ekki hugað líf fljótlega eftir fæðingu, hætti að reykja 12 ára gamall og hefur farið sínar eigin leiðir í lífinu og berst þá ekki alltaf með straumnum.

Hrekkjalómafélagið eftir Ásmund Friðriksson: Hrekkjalómafélagið í Vestmannaeyjum var einstakur félagsskapur og það á heimsvísu. Þar létu menn ekkert tækifæri ónotað til að koma hver öðrum á óvart og sumum utan félagsins einnig. Í bókinni er rakin 20 ára saga Hrekkjalómafélagsins; segir frá hrekkjunum og undirbúningi þeirra, viðbrögðunum og afleiðingunum sem urðu stundum alvarlegri en menn héldu í upphafi.

Óskum starfsfólki í sjávarútvegi gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári

AVIS
Bilaleiga


APÓTEK
VESTURLANDS


Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆRI


BJÖRGUN

Brúin


FMD
FISKMARKAÐUR DJÚPAVOGS


EFLING
STYTTARFÉLAG


GJÖGUR HF
GRENIVÍK



Fjarðarbyggð


FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS




LAGNA
LAGERINN


FISK
KAUP HF


HAFNARFJARÐARHÖFN


IceMar
Icelandic Export


markó
partners

LANDSSAMBAND
smábátæigenda



LÖNDUN EHF.


ÍSMAR


Northern
SEAFOOD


Marvís ehf.
Smíðjuvegur 74 • GUL GATA • 200 Kópavogur


matis


Nortek
ÖRYGGISTÆKNI


ÖGURVÍK


oddi




rammi


sæplast


Tuttugasta og fyrsta Útkallsbókin komin út

Haraldur Bjarnason

Bókin Útkall í hamfarasjó er tuttugasta og fyrsta Útkallsbók Óttars Sveinssonar blaðamanns. Allar hafa bækurnar náð á metsölulista og notið mikilla vinsælda. Stíllinn í bókunum einkennist af hraða og flökki milli atvika sem eru að gerast á sama tíma. Þessi stíll heldur lesandanum hugföngnum og spennunni gangandi. Óttar hefur náð einstakri og góðri tækni við að færa hamfarasögur úr íslensku sögu í þennan stíl en þó án þess að það komi niður á næmleika frásagnanna og tilfinningunni fyrir viðfangsefninu. Útkall í hamfarasjó er þarna í engu frábrugðin fyrri bókum og viðfangsefnið afleiðingar eins almesta stórvíðris sem íslensk fiskiskip hafa lent í og það langt frá heimahögunum á Nýfundnalandsmiðum. Á þriðja hundrað íslenskra sjómanna var í stórhættu.

Gerpir leitaði dansks Grænlandsfars

Bókin hefst reyndar á frásögn af danska Grænlandsfarinu Hans Hedtoft sem forst í jómfrúrfærð sinni við Grænlandsstrendur. Þetta nýja og flotta skip átti að þola ýmislegt í vetrarsiglingum sínum á viðsjárverðum slóðum. Rétt eins og Titanic urðu þó örlög þess að sökkva eftir að hafísinn hafði þrengrt að því í vonskuveðri. Með því fórust 95 manns. Á sama tíma voru íslenskir togarar nýlagðir af stað til veiða. Þeirra á meða var Gerpir frá




Kápa nýju Útkallsbókarinnar

Neskaupað, sem var betur búinn tækjum en margir aðrir íslenskir togarar. Birgir Sigurðsson, 29 ára gamall Norðfirðingur, er skipstjóri á skipinu en að öllu jöfnu hefur hann verið fyrsti stýrimaður. Birgir ákvað að breyta stefnu og freysta þess að aðstoða við leit að Hans Hedtoft ásamt fleiri skipum. Enginn árangur varð af þeirri leit en Gerpir varð fyrir áföllum sökum veðurs og rúður í brú skipsins brotnuðu. Þrátt fyrir það var haldið áfram á Nýfundnalandsmið með lestarborð negld fyrir brotna brúarglugga en vélstjórn og loftskemtaminni tókst að lagfæra til bráðabirgða tæki sem skemmst höfðu í brú. Eftir að komið var á miðin var mokveiði og skipið nánast orðið fullt á skömmum tíma. Sama var að segja af öðrum togurum sem voru með þeim fyrstu á miðin, eins og t.d. Þorkeli mána RE, veiðin var mikil í góðu veðri. Þeir sem höfðu komið síðar og voru ekki eins lágir á sjónum vegna minni afla voru heldur betur settir þótt ástandið væri engan veginn gott þar heldur.

Hjuggu björgunarbátana í sjóinn

Um það leyti sem togaraskipstjórnar voru farnir að huga að heimferð gerði aftakveður á Nýfundnalandsmiðum. Þarna lentu togarnir í hverju áfallinu af öðru og ísingin hlóðst á skipin, svo mikil var hún að menn sögðu stagvíra hafa verið orðna að sverleika á við síldartunnur. Í ofviðrinu lögðust skipin undan ísingunni og erfitt var að berjja ísinguna af. Veðrið þannig að varla var stætt úti við og ísingin hlóðst jafnharðan á aftur auk þess



Óttar Sveinsson blaðamaður og höfundur Útkallsbókanna.

sem verkfæri til að brjóta ísinn voru af skornum skammti en öllu var tjaldað sem til var og vélstjórnar smíðuðu áhöld úr því sem hægt var að nýta. Einna verst var komið fyrir Þorkeli mána og svo slæmt var ástandið þar að Marteinn Jónasson skipstjóri tók þá áhættu að höggva á víra beggja björgunarbátana og sleppa þeim í sjóinn til að létta skipinu ofanþilja en bátarnir höfðu fylgst af sjó sem fraus í þeim. Því miður fór það ekki svo að allir íslenskir sjómenn kæmst heilir frá því þessu ofviðri því togarinn Júlí frá Hafnarfirði fórst með 30 manna áhöld en á flestum skipunum voru 28 til 30 menn í áhöfnum. Í bókinni er líka fjallað um aðdragandann að brottför Júlí og ýmsa atburði sem henni tengjast, ekki síst dulræna.

Heimilda aflað víða og mörg viðtöl

Lýsingarnar í bókinni eru með ólíkindum en Óttar hefur, eins og fyrri bókum, verið ötull að afla heimilda og tala við þá sem eru á lífi og tóku þátt í þessum rosaalegu átökum íslenskra sjómanna við Ægi konung. Bókin Útkall í hamfarasjó er svo sannarlega þess virði að lesa hana og víst er að hún skilur eftir margt í hugum lesenda sem eykur skilning á þeirri erfiðu baráttu við misjafnt veður sem íslenskir sjómenn hafa þurft að eiga í gegnum tíðina. Öll umfjöllun og skrif eru af nærfærni við aðstandendur sem og þá sem í hamförum lentu.

Áhugaverðar jólabækur 2015

Stórhvalaveiðar við Ísland til 1915 eftir Smára Geirsson: Hér birtist í fyrsta sinn ítarleg rannsókn á hvalveiðum við Ísland síðan land byggðist uns þær voru bannaðar með lögum árið 1915. Gerð er grein fyrir veiðum Íslendinga en meginumfjöllunin er um hvalveiðar erlendra manna. Þegar á 17. öld komu útlendingar upp hvalstöðvum í landinu en umsvið þeirra urðu mest á síðari hluta 19. aldar og í byrjun 20. aldar.


Stríðsárin 1938-1945 eftir Pál Baldvin Baldvinsson: Í þessari yfirgrípsmiklu bók er Ísland fært inn á landkort heimsstyrjaldarinnar síðari og sýnt hvernig það varð órofa hluti af hildarleikum sem fram fór um víða veröld – og ekki síst á hafinu kringum landið. Grimm, lífsþorsti, hetjudáðir og hryllingur stríðsátakanna er dreginn fram í fjölda frásagna, fréttaskeyta, leyniskjala, dagbóka og minningabrota, auk þess sem verkið geymir aragrúa ljósmyndna, innlendra og erlendra, sem margar koma nú í fyrsta sinn fyrir almenningssjóinnir.


Útkall í hamfarasjó eftir Óttar Sveinsson: Nýfundnalandsmið í febrúar 1959. Á þriðja hundrað íslenskir togarasjómenn horfast í augu við dauðann. Eitthvert allra versta sjóveður sem Íslendingar hafa lent í á öldinni. Togarans Júlí frá Hafnarfirði er saknað með 30 mönnum. Fulllestaður liggur Þorkell máni frá Reykjavík eins og borgarísjaki á hliðinni. Öldurnar eru á við átta hæða hús. Hér er barist upp á líf og dauða við að berjja ís.




VEÐUR-APPIÐ

Veðurstofa Íslands



Veður Veðurstofa Íslands

www.vedur.is



ĘGERSUND ISLAND ÓSKAR SJÓMÖNNUM OG STARFSFÓLKI

Í SJÁVARÚTVEGI GLEÐILEGRA JÓLA
OG FARSÆLDAR Á KOMANDI ÁRI

ÞÖKKUM SAMSTARFIÐ Á ÁRINU

Hafnargata 2, 735 Eskifjörður – Grandagarður 16, 101 Reykjavík
egersund@egersund.is
egersund.is



Egersund
Island
Part of Egersund Group



Líf sjómansfjölskyldna getur oft á tíðum verið erfitt þegar annað foreldrið er á sjó vikum eða jafnvel mánuðum saman. Sjávarafli spjallaði við nokkrar fjölskyldur um tilveruna, lífið og hvernig það er þegar fjölskyldufaðirinn er á sjó.

Fjölskyldur sjómanna



Hvað vita krakkarnir um sjómennskuna ?



Nafn : Egir Örn Kristinsson **Aldur :** 3 1/2 árs
Foreldra : Kristinn Helgi Guðjónsson og Jóna Svava Sigurðardóttir
Veist þú hvað sjómenn gera ? Fara á bát, á skipi og verða rennandi blautir og stýra skipinu og veiða fisk
Þekkir þú einhverja sjómenn ? Þabbi minn, en ekki afi
Veist þú hvernig sjómenn veiða fiskana ?
 Veiða fiskana svona (hreyfir hendina í hringi) og svo fiskurinn synda í skipið
Finnst þér fiskur góður ? Já ég borða ofan í magann, hann er góður
Hvað er skemmtilegast þegar pabbi kemur í land ?
 Gaman að leika
Langar þig til þess að verða sjómaður? Nei
Hefur þú einhvern tímann farið á sjó? Nei
Hvað finnst þér skemmtilegast við jólin ? Svona að fá pakka, spiderman pakka og Hulk og Ben10



Nafn : Auður Líf Rúnarsdóttir **Aldur :** 5 ára
Foreldra : Rúnar Gunnarsson og Freyja Mjöll Magnúsdóttir
Veist þú hvað sjómenn gera ? Veiða fiska
Þekkir þú einhverja sjómenn ? Þabba minn
Veist þú hvernig sjómenn veiða fiskana ?
 Með neti, svona veiðilínu og sumir nota veiðistöng
Finnst þér fiskur góður ? Já
Hvað er skemmtilegast þegar pabbi kemur í land ?
 Knúsa hann þabba minn
Langar þig til þess að verða sjókona? Já
Hefur þú einhvern tímann farið á sjó? Já á hvalaskip með þabba
Hvað finnst þér skemmtilegast við jólin ? Að fá pakka



Nafn : Baldvin Rökkvi Hjartarson **Aldur :** 4 ára
Foreldra : Hjörtur Ingi Eiríksson og Erla Baldvinsdóttir
Veist þú hvað sjómenn gera ? Allavegana keyra skip
Þekkir þú einhverja sjómenn ? Já mennina í Herjólfí
Veist þú hvernig sjómenn veiða fiskana ? Með veiðistöng
Finnst þér fiskur góður ? Já nema hann sé með augu og munn þá er hann vondur
Hvað er skemmtilegast þegar pabbi kemur í land ?
 Að horfa á sjónvarpið með honum og borða hnetur og snakk
Langar þig til þess að verða sjómaður? Nei bara löggumaður
Hefur þú einhvern tímann farið á sjó? Já í Herjólf
Hvað finnst þér skemmtilegast við jólin ? Að skreyta jólatréð



Nafn : Björg Kristjánsdóttir **Aldur :** 5 ára
Foreldra : Stjáni Hauks og Sigrún Gylfa
Veist þú hvað sjómenn gera ? Veiða fisk, vinna og svo sofa
Þekkir þú einhverja sjómenn ? Þabbi, Þórir, Siggí og Jói
Veist þú hvernig sjómenn veiða fiskana ? Með veiðistöng
Finnst þér fiskur góður ? Nei
Hvað er skemmtilegast þegar pabbi kemur í land ?
 Þegar hann fer strax að knúsa mig
Langar þig til þess að verða sjómaður? Ekki maður..... :)
Hefur þú einhvern tímann farið á sjó? Já nokkrum sinnum á Jónu Eðvalds
Hvað finnst þér skemmtilegast við jólin ? Búa til snjókall og snjóhús og ef það er snjókall inni í snjóhúsinu



Nafn : Diljá Guðmundsdóttir **Aldur :** 4 ára
Foreldra : Guðmundur og Hólmfríður
Veist þú hvað sjómenn gera ? Já þeir fylgjast með vélinni eins og pabbi minn gerir.
Þekkir þú einhverja sjómenn ? Já pabbi minn, pabbi hans Hauks Orra, Pabbi Eiríks og pabbi hennar Ragnheiðar.
Veist þú hvernig sjómenn veiða fiskana ? Með neti
Finnst þér fiskur góður ? Já ýsa er best.
Hvað er skemmtilegast þegar pabbi kemur í land ?
 Að kyssa hann og knúsa.
Langar þig til þess að verða sjómaður? Nei ég er stelpa (mjög hneiksluð)
Hefur þú einhvern tímann farið á sjó? Já en bara þegar ég var 3ja ára, þá fór ég á Bolla.
Hvað finnst þér skemmtilegast við jólin ? Að dansa í kringum jólatréið.



Nafn : Hrafnhildur Fjöla Rúnarsdóttir **Aldur :** 5 ára
Foreldra : Rúnar Gunnarsson og Freyja Mjöll Magnúsdóttir
Veist þú hvað sjómenn gera ? Fara á skip að sigla og veiða fisk.
Þekkir þú einhverja sjómenn ? Þabba
Veist þú hvernig sjómenn veiða fiskana ? Með veiðistöng
Finnst þér fiskur góður ? Já
Hvað er skemmtilegast þegar pabbi kemur í land ?
 Þá er hann kannski kominn með fisk handa mér.
Langar þig til þess að verða sjókona? Nei ætla að vera leikskólakennari
Hefur þú einhvern tímann farið á sjó? Já bara hvalaskoðun
Hvað finnst þér skemmtilegast við jólin ? Að fá jólapakka og líka að fá í skóinn



Nafn : Margrét Mjöll Ingadóttir **Aldur :** 5 ára
Foreldra : Þóra Sigurjónsdóttir og Ingi Rafn Eypórsson
Veist þú hvað sjómenn gera ? Já veiða fiska .
Þekkir þú einhverja sjómenn ? Já fullt af sjómenn. Pabbi minn er sjómaður. Báðir afar mínir. Og afi Eypór er skipstjóri .
Veist þú hvernig sjómenn veiða fiskana ? Pabbi hefur sýnt mér allt í batnum sínum og þeir veiða með svona neti. Setja það í sjóinn og bíða þangað til fiskarnir koma inni netið
Finnst þér fiskur góður ? Já
Hvað er skemmtilegast þegar pabbi kemur í land ?
 Þegar ég fæ að hafa þabba heima í marga daga.
Langar þig til þess að verða sjómaður? Já
Hefur þú einhvern tímann farið á sjó? Nei eða bara í herjolf og á jetski
Hvað finnst þér skemmtilegast við jólin ? Að opna pakana



Nafn : Páll Hilmar Guðmundsson **Aldur :** 7 ára
Foreldra : Guðmundur og Hólmfríður
Veist þú hvað sjómenn gera ? Veiða fisk, en pabbi minn er vélstjóri svo hann þarf alltaf að kveikja á vélinni.
Þekkir þú einhverja sjómenn ? Já marga. Pabbi auðvitað, Jón Frímann, Heiðar og Ríkki skipstjóri og flest alla á Hring SH
Veist þú hvernig sjómenn veiða fiskana ? Já þeir nota net og aftast á því koma fiskarnir inn.
Finnst þér fiskur góður ? Já en bara í skólanum og þar er plockfiskur bestur.
Hvað er skemmtilegast þegar pabbi kemur í land ?
 Þá getum við pabbi alltaf leikið saman og það finnst mér svo gaman.
Langar þig til þess að verða sjómaður? Nei, ég ætla að verða fótboltamaður og kökkur.
Hefur þú einhvern tímann farið á sjó? Ná mjög oft. Ég hef farið á Hring SH, Helga SH, Bolla og líka á Grundfirðing.
Hvað finnst þér skemmtilegast við jólin ? Þá fáum við pakka og fjölskyldan er öll saman.



Nafn : Fjölínir Zóphónías **Aldur :** 6 ára
Foreldra : Þróstur Gylfason & Teresa B Björnsdóttir
Veist þú hvað sjómenn gera ? Veiða fisk og skera þá
Þekkir þú einhverja sjómenn ? Já Þabba minn og Halla Frænda og Tamar pabbi Sölvá.
Veist þú hvernig sjómenn veiða fiskana ? Soltið erfitt að vita hvað það heitir, en þeir veiða það með einhvern vegin bandi og þá er einn með spítu með nagla í og setur í fiskin til að ná honum svo er annar sem tekur skinnið af og hengir þá upp án skinnis.
Finnst þér fiskur góður ? Nei eða jú bara þessi steikti með appelsínugula utan um.
Hvað er skemmtilegast þegar pabbi kemur í land ?
 Að spila með honum í tövunni.
Langar þig til þess að verða sjómaður? Nei ég ætla vera sjoppumaður
Hefur þú einhvern tímann farið á sjó? Já ég fór einusinni að veiða með þabba í bátum hans.
Hvað finnst þér skemmtilegast við jólin ? Að jólasveinarnir gefa mér í skóinn og líka að allir koma og opna pakka heima hjá Halla.



Vigri Bergþórsson, vélstjórnarnemi

„Það er æðislegt að vera á sjó“



„Pabbi hefur verið á sjó í 30 ár,“ segir Vigri Bergþórsson, 17 ára, um föður sinn, Bergþór Gunnlaugsson, skipstjóra á frystitogaranum Gnúpi frá Grindavík. Reyndar eru báðir foreldrar Vigna að vinna í sjávarútvegi því móðir hans, Alda Agnes Gylfadóttir, er framkvæmdastjóri sjávarútvegsfyrirtækisins Einhamar Seafood. „Mamma hefur stjórnað fyrirtækinu í þrjú ár en áður vann hún í banka.“ Aðspurður um hvort fólk sé stundum hissa á því að hún stjórni sjávarútvegsfyrirtæki svarar Vigri að fólk sé nú ekki oft hissa í sjálfu sér, það vekir frekar undrun að hún fór að vinna við sjávarútveg í kjölfar þess að vinna í banka. „Þegar hún hætti í bankanum fór hún að vinna sem verkstjóri í frystihúsi vestur á Fjörðum og fólk undraði sig talsvert yfir því. Hún filar vel það sem hún er að gera í dag og er að standa sig vel.“ Vigri er

því mjög tengdur sjávarútvegi. „Ég hef búið í sjávarplássum nánast alla ævi. Ég ólst upp á Ólafsfirði og svo Þingeyri og nærri allir sem ég þekkti þar stunduðu sjóinn eða tengdust honum einhvern veginn,“ segir hann. Eins og allir sem eiga sjómann fyrir foreldri segir hann kosti og galla því fylgja því. „Gallarnir voru auðvitað að það var oft hræðilega erfitt þegar hann var í burtu. Stundum tók hann kannski þrjú túra í einu, það var langferðast.“ Faðir hans missti því oft af fjölskylduviðburðum og sumarfrí voru oft nokkuð sundurslitin. „Kosturinn var að sjálfsgöðu að þá var hann oft heima allan daginn allan og þá gerðum við margt af okkur,“ segir Vigri.

Ætlar að verða sjómaður

Vigri fór oft með pabba sínum á sjó sem krakki og nú hefur hann verið tvö sumur sem háseti á Gnúpi líka. „Allur áhugi minn hefur alltaf legið í

sjómennsku og öllu sem tengist skipum og fleira. Ég hef virkilega gaman að því. Ég var háseti í fyrra og fílaði það alveg í ræmur, það var æðislegt. Þess vegna fór ég aftur síðasta sumar. Maður heyrði oft að þetta væri mikil vinna og þetta er hrikalega mikil vinna en þetta er svo góð upplifun, það er svo gaman. Í landi bíður maður oft eftir því að komast heim að vinnudegi loknum en þarna er maður auðvitað fastur með sömu köllunum og það er gert gott úr þessu. Mannskapurinn þarna er góður og þetta verður svo skemmtilegt út af því.“ Vigri segist því ætla að leggja sjómennskuna fyrir sig, það komi ekkert annað til greina. „Ég er í vélskólanum núna og ætla að verða vélstjóri. Í rauninni var mér sama hvort það væri stýrimannaleið eða vélstjórnarleið, ég vildi bara komast á sjóinn strax. Vélskólinn býður hins vegar upp á nám sem nýttist víðar og ég fíla þetta nám rosalega vel. Kannski breytist eitthvað seinna og þá get ég unnið í landi líka. Ef maður er stýrimaður verður maður að vera á sjó. Það hefði samt verið gaman líka að fara þá leið.“

Jólin eru best

Vigri segir að pabbi hafi yfirleitt misst af jólaundirbúningi en hafi alltaf náð í land 23. desember. „Það er hrikalega gott að fá hann heim á Þorláksmessu,“ segir hann. Pabbi hans eru svo heima öll jólin og fer út aftur 2. janúar. „Mamma hefur þess vegna mjög mikið að gera í desember, hún undirbýr jólin fyrir fjölskylduna og sér auðvitað um fyrirtækið líka. Við systkinin hjálpum samt auðvitað til líka og það er mikið gert í nóvember þegar pabbi er heima og getur tekið þátt í undirbúningi.“ Vigri segir að fjölskyldan sé með gervitré, það hafi verið ákveðið sökum þess hve það sé mikill óþrífnaður í kringum lifandi tré og allir séu rosa sáttir við það enda sé ekkert verra að hafa gervitré. „Við setjum alltaf tréð upp á Þorláksmessu því þá er pabbi að koma í land og við skreytum það svo öll saman.“ Á aðfangadag er svo hamborgarhryggur en á gamlárskvöld sé ekki alltaf það sama í matinn. Þá séu líka oft gestir í heimsókn. „Það besta við jólin er jóladagur og aðfangadagur, þá er pabbi heima. Það er ekki oft sem fjölskyldan er öll saman annars.“ Að endingu spyrjum við Vigna hvort hann sé byrjaður að kaupa jólagjafir. „Nei, þær eru nú ekki það margar, bara handa mömmu og pabba og litla bróður. Ég kaupi þær nú venjulega á síðustu stundu. Þetta reddast samt alltaf!“

PIPAR/TBWA - SJÁ - 15.509



ICECOLD

| GOLD COLLECTION

Jón & Óskar
JÓN & ÓSKAR

LAUGAVEGI 61 KRINGLUNNI SMÁRALIND

Sölvi Breiðfjörð, háseti á Örfirisey

Foreldrar Sölva voru þau Kolbrún Ólafsdóttir og Hörður Eiðsson, sem lést í apríl síðastliðnum, og ólst Sölvi upp í fjögurra systkina hópi. Að auki átti Hörður dóttur úr eldra sambandi. „Pabbi byrjaði á Narfa fyrir austan sem var fyrsta skipið sem heilfrysti um borð. Seinna fór hann svo á millilandaskip, fyrst Háafoss og svo seinna Mánafoss og Bakkafoss. Síðasta skipið sem hann sigldi á var svo Lagarfoss en hann neyddist til þess að hætta vegna hjartabilunar. Þá átti hann einhverja mánuði eftir í að ná 25 árum hjá Eimskip,“ segir Sölvi. Hann segir að kostir og gallar hafi fylgt því að eiga pabba sem var sjómaður. „Þegar hann kom í land fékk maður ýmislegt góðgæti eða leikföng sem voru öðruvísi en það sem aðrir voru með. Gallinn var auðvitað fjarverurnar, hann var burtu hálfan mánuð upp í einn og hálfan í einu og hafði því oft ekki tækifæri á að mæta á viðburði hjá manni. Allra verst gallinn var sennilega að maður hafði ekki hans stuðning að jafnaði vegna fjarveru og maður leitaði þá til mömmu í staðinn.“



„Lenti í ýmsum ævintýrum í Hollandi“



Rölti um rauða hverfið

Þar sem Hörður var á millilandaskipi heillaði það auðvitað Sölva að fara með honum út og fékk hann að fara tvo tóra sem báðir voru frábærir. „Árið 1980 fór ég í Norðurlandatúr með honum, á Háafossi. Eftir 9. bekk, 1986, fer ég svo Evrópurúnt með Bakkafossi,“ segir Sölvi. Pabbi hans fékk talsvert frí í landi svo hann gæti fylgt syninum. Skoðuðu þeir sig mikið um, t.d. í Danmörku og Færeyjum. Í Evróputúrnum fékk pabbi hans ekki eins mikið að fara í land en þá var Sölvi orðinn það stór að hann gat bæði farið sjálfur í land og eins fékk hann stundum að fljóta með öðrum og gerðist það t.d. í Amsterdam þar sem hann átti eftir að lenda í smá ævintýri. „Pabbi gat ekki komið með mér í bæinn en einhverjir voru að fara og ég fæ að fara með þeim, eftir að hafa látið pabba vita hverjir þetta voru. Þegar við komum inn í borgina er auðvitað farið beint í Rauða hverfið. Hópurinn tvístrast svo allur fljótlega og það er ákveðið að hittast á einhverjum bar eftir ákveðinn tíma. Ég dóla mér því bara einn í Rauða hverfinu og ákveð svo að fara á barinn þar sem við áttum að hittast, hálf tíma á undan áætlan. Hann er þá í lokuðu sundi og staðurinn er alveg tómur. Ég rölti samt inn og hitti þar barþjón sem vill spila við mig teningaspil. Hann sagði mér að ef ég ynni myndi hann gefa mér bjór. Ég vann en samt skuldaði ég honum víst bjór. Ég hafði heyrt um svona lagað og ákvað að best væri að gefa honum bara bjórin. Ég mátti það auðvitað ekki sökum aldurs! Skömmu seinna koma svo hinir og það kom nú ekkert meira upp á. Ég sagði vininum heima seinna frá þessu og færði söguna kannski aðeins í stílinn. Þeir voru allavega mjög hrifnir! Ég sagði pabba hins vegar ekki frá ferð minni í Rauða hverfið eða að ég hefði verið þarna röltandi einn míns liðs nema fyrir 3-4 árum síðan. Hann hváði við og varð mjög hissa! Hann hélt að hann væri að senda mig í land með ábyrgðarfullum mönnum!“ Sölvi lenti reyndar í öðru ævintýri í Hollandi. „Í Rotterdam lentum við í því að það átti að kyrrsetja skipið út af einhverju.

Við pabbi vorum í landi þegar þetta fréttist og þegar við komum að skipinu eftir að hafa skoðað okkur um í bænum er skipið horfið! Við vorum auðvitað mjög hissa og vissum ekki hvað hefði komið fyrir. Þá kemur til okkar hliðvörður og segir að hann hafi skilaboð til okkar um að tékka okkur inn á Mercedes hótelið og fljúga svo heim daginn eftir frá Amsterdam. Svo þannig fór um sjóferð þá!“

Æskujólin

Sölvi segir að pabbi sinn hafi sem betur fer alltaf verið heima um jólin meðan hann var að alast upp. Eftir að hann fór að heiman hafi þó komið fyrir að pabbi hans var ekki heima. „Mín æskujól voru mjög hátíðleg og skemmtileg. Ein sterkasta jólahæfðin var að pabbi kom alltaf heim með danskan hamborgarahrygg og alltaf frá sama aðila. Það er aðeins erfiðara að fá svona hrygg í dag! Seinni árin, eftir að hann fór í Ameríkusiglingar, kom hann heim með kalkún í staðinn. Um jólin var líka allt fullt af McIntosh og leikföngum sem ekki fengust heima.“ Vegna fjarveru hvíldi jólaundirbúningur á móður Sölva að mestu leyti en Sölvi segir að pabbi hans hafi þó hjálpað til þegar færi gafst og muni hann oft eftir pabba sínum á kafi í jólahreingerningum, að skrubba loft og gólf.

Ætlaði aldrei að verða sjómaður

Sölvi sjálfur hefur verið á sjónum síðan 1991 eða í 25 ár. Nú er hann háseti á Örfirisey en áður hefur hann t.d. verið á Dala Rafni, Guðmundi nýja og gamla, Þórunni Sveins og grænlenstum rækjutogara. „Sjómennskan heillaði mig svo sem þegar ég var litill en ég ætlaði mér aldrei að verða sjómaður! Ég ætlaði að verða listamaður. Sem krakki var ég alltaf að teikna og fékk alltaf háar einkunnir í myndlist. Hlutirnir æxluðust þó með þeim hætti að svo varð ekki. Eftir 9. bekk fór ég að vinna því ég hafði ekki áhuga á skóla og vann til 20 ára aldurs. Þá ákvað ég að fara í tækniteknun


í lönskólanum. Ég er hins vegar ævintýragjarn og þetta breyttist skyndilega. Þetta sumar fer ég í útilegu með skátunum og einn í hópnum átti konu í Þýskalandi sem átti hestabúðir. Ég réði mig þangað í vinnu í útilegunni og sleppti teikningunni!“ Eftir ár snýr hann heim en aftur grípa örlögin í taumana. „Stuttu eftir að ég kem heim hitti ég æskufélagi sem er þá í Stýrimannaskólanum og hann býður mér plássíð á Dala Rafni. Ég ákvað að taka því en ætlaði að sjá til með framhaldið. Stuttu seinna geri ég hins vegar konuna óléttu og ég er enn á sjónum í dag.“ Sölvi og kona hans, Anna Sigga, eiga í dag tvö börn: Grím Orra sem er fæddur 1992 og Söru Hlín sem er fædd 1996.

Matarverkfali í desember

„Ég hef ekki þurft enn að vera að heiman yfir jólin, 7,9,13! Þetta er einn skemmtilegasti tími ársins og það væri leiðinlegt að geta ekki verið heima,“ segir Sölvi sem tekur fullan þátt í undirbúningi jólnanna. Aðspurður um hvort þau hafi lifandi tré eða gervi segir að hjá þeim sé gervitré þar sem hann hafi ofnæmi fyrir greninu. „Á aðfangadagskvöld höfum við hamborgarahrygg, það er fjölskylduþefið mín sem heldur þar áfram því þetta var ekki í minni tengdafjölskyldu. Tengdamamma var hins vegar svo hrifin af því hvað ég var staðfastur og ég náði henni! Dóttur minni finnst líka hamborgarahryggurinn vera betri. Við vorum reyndar lengi vel með tvírétta því konan vildi halda í þann jólamat sem hún ólst upp við, gufusoðnar lambakötiletur í raspi, svona stóra hlemma.“ Sölvi segist hlakka mikið til að snæða jólamatinn og það reyndar pirri sig dálítið að á sjónum sé boðið reglulega upp á jólamat í desember; hamborgarahrygg, purusteik, hangikjöt og allt sem þessu tilheyrir. Í viðbót séu jólahlaðborðin í landi. Svar hans við þessu sé að fara í matarverkfali í desember svo hann skemmi ekki fyrir jólamatnum!

ERTU AFLAKLÓ?

Fengsælum sjómönnum kann að þykja freistandi að hlaða bát sinn út í hið óendanlega. Það getur hins vegar skapað mikla hættu þar sem ofhleðsla getur leitt til alvarlegra slysa. Gætum að öryggi okkar og siglum örugg í höfn.



Samgöngustofa



- Skipahönnun
- Ráðgjöf
- Eftirlit

Skipahönnun,

Nýsmíði og breytingar.

Gerð verklýsinga og útboðsgagna,

Kostnaðaráætlanir og mat á tilboðum.

Eftirlit og umsjón,

Með verkum, hvort sem það eru nýsmíði, breytingar eða viðgerði.

Skoðun og ráðgjöf,

Val á vélbúnaði skipa, hönnun vinnslulína um borð, útvegum tilboða og mat á þeim.

Hallaprófanir, stöðuleikaútreikningar,

Þykktarmælingar og tonnarmælingar. Tjónaskoðanir og mat á tjónum á skipum, vélum og farmi.

Verklýsingar,

Til endurbóta og viðgerða.

Draft eða Bunker Survey,

Úttektir af ýmsu tagi, t.d. ástandsskoanir við kaup, sölu eða leigu skipa.

Ráðgjöf um ISM- og ISPS- kóða,

Aðhliða ráðgjöf um skiparekstur og skipa- og vélaverkfræði.

SOPEP

Shipboard Oil Pollution Emergency Plan
Viðbragðsáætlun við olíuóhöppum

SEEMP

Ship Energy Efficiency Management Plan
Orkunýtingar áætlun skipa



Hjörtur Emilsson, framkvæmdastjóri Navis

Eplalyktin minnir á jólin

„Pabbi var alltaf mikið að heiman. Flest árin var hann á vetrarvertíð fyrir sunnan, einnig á síld fyrir norðan og austan. Við sáum hann því ekki mikið,“ segir Hjörtur Emilsson en faðir hans, Emil Bjarnason, var háseti frá Seyðisfirði. Báturinn Glófaxi NK 54 var gerður út frá Neskaupsstað og var það síðasti báturinn sem Emil var á, ýmist á vertíð eða síld. Áður hafði hann verið á bátum frá Seyðisfirði, Keflavík, Vestmannaeyjum og víðar. Móðir Hjartar, Bergljót Kristinsdóttir, var frá Vopnafirði og var Hjörtur eitt fjögurra systkina. Oft var Emil fjarverandi mánuðum saman þegar bátar voru á vertíð annars staðar og segir Hjörtur að faðir sinn hafi verið dálítið eins og ókunnugur maður þegar hann kom heim. „Hann var þó heima öll þau jól og áramót sem ég man eftir mér,“ segir Hjörtur. Bergljót móðir hans á ein um heimilið en hún var þó útvinnandi að hluta til. „Hún var verkakona og líklega hef ég verið 8 eða 9 ára þegar ég fór að fara með henni í vinnuna. Þá fór maður í beitingaskúrinn á morgnana klukkan 6 meðan litli bróðir, þá 6 eða 7 ára, var heima til að sjá um heimilið og taka til mat fyrir fjölskylduna. Mér fannst þetta bara spennandi. Maður lærði þarna vinnubrögðin og ég varð mjög stoltur þegar ég náði að beita eitt bjóði á dag,“ segir Hjörtur. Hann segir að móðir sín hafi ekki verið í fastri vinnu og minnst Hjörtur þess að þar til hann var ca 10 ára hafi hún verið mikið heima. Á síldarárunum fór hún vitaskuld í síld og unnu öll börnin sem gátu staðið í fæturna sjálf við hlið hennar á planinu, bæði í fríum og með skóla. „Það voru allir á síldarplönunum og 12 ára krakkar voru í fullri vinnu. Pabbi hættir svo á sjónum í kringum 1965 og fór að vinna á planinu með okkur. Þetta var mjög skemmtilegur tími og gott að fá að vera svona með honum, ekki síst vegna þess að hann deyr þegar ég er 17 ára og hann ekki nema 57 ára,“ segir Hjörtur. Sjálfur fór hann aldrei á sjóinn þótt hann hefði tækifæri til þess. Bæði vantaði áhugann og eins var móðir hans því mótfallin. Hana langaði til að börnin sín væru í landi.


Epli og appelsínur

Er talinu vikur að æskujólunum segir Hjörtur að þau hafi verið mjög skemmtileg. Stundum hafi faðir hans farið í siglingar til Bretlands fyrir jólin og þá hafi hann komið með kassa af eplum og appelsínum og McIntosh heim. „Þá fylltist búið af eplum og appelsínum sem annars sáust aldrei og allt í einu var eplailmur um allt hús. Enn þann dag í dag tengi ég eplalykt við jólin.“ Hann segir að jólin hafi verið í mjög föstum skorðum og þetta hafi verið huggulegur og hátíðlegur tími. „Þá kom öll fjölskyldan saman, nokkuð sem gerðist ekki oft. Við fengum alltaf einhverjar jólagjafir, aðallega bækur og eitthvað af leikföngum. Bækur voru í uppáhaldi og maður taldi jólin eftir bókunum sem maður fékk,“ segir hann. „Og þótt það hafi ekki verið jafn margar gjafir og í dag var gleðin yfir þeim alveg jafn mikil eða meiri en í dag held ég.“ Jólamaðurinn var sömuleiðis ávallt hinn sami þegar það var mögulegt. „Ef það fengust rjúpur þá voru þær alltaf á jólaborðinu, og hangikjöt líka. Á undan var möndlugrautur og að sjálfsögðu var möndlugjöf.“ Aðra litla gjöf var líka mögulegt að öðlast við matborðið. „Það var kertagjöfin. Hún var þannig að við höfðum öll lítið kerti við diskinn og sá sem átti það kerti sem brann fyrst niður fékk kertagjöfina. Það var rosalega spennandi fyrir okkur krakkana að fylgjast með kertunum brenna.“

Keppni um stærstu brennuna

Hjörtur ólst upp á Seyðisfirði og segir hann að eitt af því sem einkenndi desember þar hafi verið brennusófnunin. „Við guttarnir í hverfi unnum að því allan desember að safna drasli í brennu. Þá voru þrjár brennur í bænum og strákarnir í hverfunum voru í mikilli keppni um hver næði að safna í stærstu brennuna. Það var svo alltaf kveikt í brennunum á Gamlárskvöld og allir þyrptust þangað.“ Við brennurnar var svo skotið upp rakettum og kveikt á stjörnuljósum. „Þótt rakettarnar hafi eflaust verið minni og færri en þær eru í dag fannst manni þetta svakalegt þá,“ segir hann og hlær.

Hjörtur er í dag giftur Ágústu Unni Gunnarsdóttur og eiga þau þrjú börn: Hrönn, Bjarna og Emilíönu Birtu. Fyrir átti hann dótturina Helgu Lind. Barnabörnin eru síðan orðin fjögur. Hjörtur segir að jólin í dag líkist um margt sínum æskujólum og enn er haldið fast á sumar hefðir. „Við höfum alltaf rjúpur á aðfangadagskvöld og ég sé alveg um þær. Rjúpunar má aldrei vanta og heldur ekki möndlugrautinn, sem að vísu kemur dulbúinn sem „Ris a l'amande““





Café Paris

★ ALL DAY LONG ★

🕒

- BREAKFAST -
- LUNCH -
- DINNER -
- DRINKS -



OPEN DAILY FROM 9 AM TO 1 PM

 **CAFÉ PARIS**
BAR - RESTAURANT

www.cafeparis.is



Tilbreytingin er skemmtileg

Önnur hver jól á Tenerife

Sigrún Erna Geirsdóttir

Ása Gunnarsdóttir er gift Friðriki Kristjánssyni, stýrimanni á Matthíasi SH frá Hellissandi og eiga þau tvö börn: Fanndísi, 5 ára, og Dag 3 ára. „Ég er úr Reykjavík en amma og afi eru á Ólafsvík og þangað flutti fjölskyldan árið 2001 eftir að hafa búið í ár í Danmörku. Við Friðrik kynnumst svo ári seinna, meðan hann er í Stýrimannaskólanum, og höfum verið saman síðan,“ segir Ása. Afi hennar og amma, þau Jónas Gunnarsson og Jenný Guðmundsdóttir, reka útgerð í Ólafsvík og hafði Ása verið mikið hjá þeim þegar hún var lítil. Viðbrigðin að flytja út á land voru því minni en ella hefði verið. Fjölskylda Friðriks tengist sjávarútvegi líka og hafa foreldrar hans lengi rekið útgerð á Hellissandi. Ása segir að það hafi því alltaf legið fyrir að Friðrik færi á sjóinn. „Það hefur sína kosti og galla að vera sjómanskona en við erum svo heppin að hann er á dragnótarbáti og kemur heim á kvöldin,“ segir hún. Vinnudagurinn hjá honum sé þó langur og á vorin fari þeir á rækju og þá séu þeir oft lengi í burtu í einu. „Þegar maður var einn heima með nýfædd börn var þetta oft erfitt en á móti eru fríin góð líka og sömuleiðis launin.“

Snapchattið mikið notað

Þeim Fanndísi og Degi finnst spennandi að þabbi sé á sjó og þau fylgjast vel með því hvenær hann komi heim. Þegar hann er á vertíð spyrja þau líka mikið um hann. „Dagur er auðvitað ekki nema 3 ára og er ekki farinn að spá í það hvort hann vilji fara á sjó seinna meir en Fanndís hefur ekki sýnt áhuga á því enn,“ segir Ása. Vafalaust eigi þau þó örugglega eftir að fara með honum á sjóinn seinna meir. Ása segir að meðan Friðrik sé úti á sjó spjalli þau sjaldnast mikið saman enda mikið að gera hjá honum en Snapchattið sé hins vegar mikið notað og hann fylgist þannig með því hvað þau eru að sýsla yfir daginn. Þegar hann sé í landi fari hann svo með þau í leikskólann og á fótboltaæfingar. Ása er núna á öðru ári í grunnskólakennaranámi frá HÍ og stefnir á að verða kennari. „Maður lærir heima meðan börnin eru í leikskólanum, þetta er allt spurning um skipulag. Það þarf samt talsverðan aga til að vera í svona fjarnámi og ótrúlegustu hlutir verða líka

spennandi þegar maður á að vera að lesa fyrir próf! Ég er reyndar svo heppin að Friðrik hefur verið heima núna í desember og hann hefur verið með krakkana meðan ég les.“

Jólin á Kanaríannað hvert ár

Friðrik hefur alltaf verið heima yfir jólin og þetta árið hefur hann verið heima frá 1. desember. Þau munu þó ekki halda jólin heima. „Við förum út til Tenerife önnur hver jól með fjölskyldu Friðriks,“ segir Ása sem segist hlakka til enda sé hún ekki mikið jölabarn í sér. Fjölskyldan tekur með sér eitthvað af þökkum fyrir börnin en fullorðna fólkíð lætur sína biða þar til þau koma heim, þann 5. janúar. „Mamma Friðriks heldur utan um allt jólahaldið úti, hún kaupir hangikjöt í flugstöðinni, íslenskt smjör og fleira og svo borðum við öll saman, foreldrar hans, systkini og þeirra börn, á aðfangadagskvöld. Svo opna krakkarnir gjafirnar.“ Um áramótin er svo farið fínt út að borða og síðan haldið út á strönd og fylgst með flugeldum sem þar er verið að skjóta upp. „Ég fór fyrst árið 2003, þá 18 ára, og mér fannst þetta mjög skýrtíð. Ég þurfti að hugsa mig vel um áður en ég ákvað að fara með þeim. Núna finnst mér þetta rosalega fínt.“ Í fyrra hélt Ása upp á jólin heima hjá sér og fengu þau foreldra Friðriks til sín. „Þetta var í fyrsta sinn sem við erum heima á okkur á aðfangadagskvöld og mér fannst þetta mjög undarlegt, ég er svo vön því að það séu margir saman þetta kvöld. Foreldrar mínir voru hins vegar úti á skíðum svo þetta þróaðist svona. Það gæti þó verið að við yrðum hér eftir heima hjá okkur á aðfangadagskvöld þegar við erum á Íslandi fyrst börnin eru orðin þetta stálpuð.“ Fyrst jólin verða haldin á Tenerife er ekki mikill jólaundirbúningur í gangi en Ása segist þó hafa skreytt örlítið um daginn eftir að dóttir hennar kvartaði um að allir væru búnir að skreyta heima hjá sér nema þau!

Heitt súkkulaði og lagkaka

Þau jól sem Ása er heima hafa þau verið haldin til skiptis með fjölskyldu Friðriks og hennar eigin. Þá hefur hún farið heim til ömmu sinnar og verið þar á aðfangadagskvöld ásamt sinni fjölskyldu,



systkinum móður sinnar og þeirra börnum. Á báðum stöðum er hamborgarhryggur í matinn. „Á gamlárskvöld erum við alltaf heima hjá ömmu ásamt stórfjölskyldunni og þar er heljarinnar partý. Við förum alltaf að brennuni sem er milli Rífs og Ólafsvíkur og svo eru allir kallarnir í fjölskyldunni miklir áhugamenn um sprengingar svo það er mikið skotið upp hjá okkur.“ Önnur jólahæfð sem Ása hefur í hefðri þegar jólin eru haldin á Íslandi er að alltaf er borið fram heitt súkkulaði og lagkaka heima hjá Ásu á jóladagsmorgun. „Heita súkkulaðið er í fallegri postulínskönnu sem amma mín gaf mér, sérstaklega fyrir þetta tilefni. Ég fékk hana alltaf lánaða áður en svo gaf hún mér hana fyrir tveimur árum. Lagkökuna baka ég fyrir jólin og hún klárast nú að mestu áður en þau koma, hún er svo góð. Ég passa samt upp á að eiga eftir nokkrar sneiðar fyrir jóladag. Þetta er dökka kakan með hvíta kreminu og amma kom hingað til mín til að kenna mér að baka hana. Lagkökuna og heita súkkulaðið má ekki vanta á jóladag.“



Vélfag fagnar 20 ára afmæli með nýrri línu tölvustýrðra fiskvinnsluvéla



www.effekt.is

Við kappkostum að veita viðskiptavinum okkar góða varahlutabjónustu!





Sterkar jólah hefðir

„Alltaf er tréð jafn stórt þegar inn kemur“

Sigrún Erna Geirsdóttir

Þau Sigríður Ólína Ásgeirsdóttir og Ágúst Óðinn Ómarsson, skipstjóri á Málmei SK1 sem gerður er út af Fisk Seafod, hafa verið saman í 27 ár og eiga saman fjögur börn: Brynju Hödd, 25 ára, Sæþór Braga 20 ára, Elvar Geir 18 ára og Bylgju Hrund 11 ára. „Við kynntumst þegar Ágúst flutti á Skagaströnd sem unglundur. Þá kom hann í bekkinn minn,“ segir Sigríður. Þegar þau voru orðin nítján ára felldu þau svo hugi saman og síðan hafa leiðir ekki skilið. „Þegar við vorum að byrja saman var hann að byrja á litlum bát frá Skagaströnd og það lá alltaf fyrir að hann yrði sjómaður,“ segir hún. Þarið flutti til Eyja í byrjun árs 1990 þegar Ágúst fór í Stýrimannaskólann og svo aftur norður að námi loknu og var hann þá kominn með pláss. „Fyrst þegar hann var að fara út var hann tvo tóra úti og einn mánuð heima. Þetta breyttist svo 2002 þannig að hann tók einn túr úti og einn heima,“ segir Sigríður sem var fegin breytingunni. Málmei var svo breytt fyrir ári síðan. Þá var hún gerð að ísfisktogara en áður hafði hún verið frystitogari. Eftir að það var gert er skipið viku á sjó, svo er landað og aftur farið út í viku. Að því loknu eru tvær vikur heima. „Þetta var mikil breyting og í byrjun var þetta jafnvel smá óþægilegt ef ég á að vera hreinskilin. Maður var vanur hinu og hlutirnir voru í ákveðnum skorðum en þarna fór hann að vera mikið heima og vildi þá auðvitað skipta sér af hinu og þessu sem maður var vanur að sjá um sjálfur!“ segir Sigríður og hlær.

Allrei einmana þótt strembið væri

Sigríður segir það hafi oft verið strembið meðan Ágúst var á sjónum, sérstaklega þegar strákarnir voru litlir þar sem stutt sé á milli á þeirra. „Strákarnir voru líka þannig að það þurfti að hafa talsvert mikið fyrir þeim þegar þeir voru litlir. Það hjálpaði hins vegar að ég var heimavinnandi lengst af. Svo leið tíminn, börnin stækkuðu og

maður vandist þetta líka. Þá hætti maður að svekja sig á því að hann væri að fara út. Maður gerði það þegar maður var yngri en svo sættist maður við þetta, svona var þetta bara. Það var samt mjög gott þegar hlutirnir breyttust árið 2001 og hann hætti að taka tveggja mánaða túra.“ Sigríður segir að það hafi líka hjálpað sér mikið í gegnum árin að hún eigi stóra og góða fjölskyldu. „Við erum tólf systkinin og mörg þeirra búa enn hér á Skagaströnd. Það er því alltaf fullt af fólki í kringum mig. Oft heyrði ég konur tala um að þær væru mikið einar heima með börnin og leiddist en ég fann sem betur fer aldrei fyrir því. Bæði hafði ég nóg að gera og eins var ég aldrei ein og einmana.“

Fimm vín!

Sigríður segir að hún sé svo heppin að hafa getað verið heimavinnandi í sextán ár. Þegar yngsta barnið, Bylgja, var svo tveggja ára fékk hún sér hlutastarf. „Mér finnst gott að geta verið svona í hlutastarfi. Ég vinn á leikskóla og ræð nokkuð vinnutíma mínum sjálf sem er ágætis fyrirkomulag.“ Hún segir að sjómannskonulífið hafi kannski ekki tekið grundvallarbreytingum í gegnum tíðina, fjarverurnar séu enn miklar og það geti verið erfitt fyrir konur, sérstaklega þegar börnin eru litlir. Það hafi þó skipt miklu máli þegar símasamband varð gott og seinna þegar netið kom. „Hann er nú svo upptekinn í vinnunni þegar hann er úti á sjó að hann kemur ekki mikið að daglegum rekstri heimilisins en hann fylgist með og ef það er eitthvað sérstakt í gangi get ég ráðfært mig við hann sem er mjög þægilegt. Hann sér líka stundum um að redda ákveðnum hlutum og notar þá bæði síma og tölvupóst. Þegar krakkarnir voru yngri sá maður auðvitað um þetta allt sjálfur enda var netið ekki komið og símasamband miklu verr.“ Fyrstu árin hringdu sjómenn auðvitað alltaf gegnum talstöð og var þá gjarnan hlustað á samtölin af öðrum sem gat

þýtt ýmislegt! „Ég man eftir skemmtilegu atviki sem tengist þessu. Sjómanna dagurinn var að nálgast og mikil tilhlökkun hjá áhöfninni að koma heim og gera sér glaðan dag. Ég og Ágúst erum þarna að tala saman stuttu fyrir daginn og hann er alltaf að biðja mig um eitthvað en ég bara heyri svo illa hvað hann er að reyna að segja. Þá heyrir allt í einu í manningum hjá radíóinu: Hann var að biðja um viski! Um Jim Bean! Svo þannig reddaðist það!“

Bakað af fullum krafti

Sigríður segir að þau hafi verið svo heppin að Ágúst hafi alltaf verið heima um jólin að undanteknum einum jólum í Vestmannaeyjum, þá hafi hann verið á sjó yfir áramót. „Ég veit bara ekki hvernig ég hefði höndlað það ef hann hefði ekki verið heima yfir jólin, sérstaklega þegar börnin voru litlir!“ segir hún. Jólaundirbúningur hvílir að mestu á hennar herðum en hún segir að þau hafi alltaf reynt að hespa sem mestu af áður en hann fer í síðasta túrinn fyrir jól. Hann kemur síðan alltaf heim daginn fyrir Þorláksmessu og þá hefur allt verið klárað. „Þetta er auðvitað spurning um skipulag en samt bara í hófi. Þetta hefur alltaf reddast einhvern veginn hjá okkur!“ Sigríður segist vera mikið jólabarn, öfugt við manninn sinn, og vilji skreyta mikið. Hann sjái hins vegar um útiseriurnar, eins og venjan sé víst á mörgum heimilum. „Ég baka líka talsvert fyrir jólin, svona sex eða sjö sortir yfirleitt: Mömmukökur, bóndakökur, hafrakossa, piparkökur, súkkulaðibitakökur og stundum sörur. Það finnst öllum voða góðar smákökur á mínu heimili.“

Allir í bænum borða skötuna

Í gegnum tíðina hafa skapast nokkrar hefðir í kringum jólin hjá fjölskyldunni sem eru mjög mikilvægar. „Á Þorlák förum við öll í skötuveislu sem útgerðin á Sauðárkróki heldur.



Lionsklúbburinn á Skagaströnd sér um hana og yfirmenn á skipum útgerðarinnar fara um morguninn og undirbúa veisluna; sjóða skötuna, uppfarta og stýra veislunni.“ Öllum bæjarbúum er boðið í skötuveisluna sem og íbúum í sveitinni og á Blönduósi. Segir Sigríður að nánast hvert mannsbarn mæti enda sé um einstakan viðburð að ræða sem fólk vilji ekki missa af. „Strákarnir

okkar voru ekki orðnir háir í loftinu þegar þeir fóru að fara með pabba sínum milli 8 og 9 á Þorláksumsumorgun til að hjálpa honum. Nú eru þeir orðnir 18 og 20 ára og enn fara þeir með pabba sínum!“ Önnur hefd sem skapast hefur í kringum jólin er sú að fjölskyldan fer og heggur sitt eigið jólatré. „Fjölskylduafaðirinn hefur reyndar eitthvað verið að ámalga það að fara að

nota gervitré en við strákarnir viljum ekki heyrna á það minnst! Við viljum alvöru tré og við viljum höggva það sjálf. Hvert ár er samt talað um það að hafa tréð minna þetta árið en alltaf er það nú jafn stórt þegar það kemur inn í stofu!“





Jón Baldur Hlíðberg

Við teikniborðið.

Hefur teiknað og málað fiska, fugla og spendýr í þúsundtali

„Ég hef teiknað frá því ég var krakki og man ekki eftir mér öðruvísi,“ segir Jón Baldur Hlíðberg, sem hvað þekktastur er fyrir teikningar og málverk sín úr dýraríkinu, ekki síst nákvæmar myndir af fiskum. Hans þekktustu verk eru Alfræðibækur Vöku Helgafells þar sem teikningar hans af fuglum, spendýrum og fiskum skipta hundruðum. „Þetta verkefni byrjaði með því að Ævar Petersen fuglafræðingur hafði samband við mig árið 1985 út af fyrstu bókinni um fuglana. Hann skrifaði textann og ég teiknaði. Þetta var eiginlega byrjunin á þrjátíu ára sögu. Ég hef verið mikill fuglaáhugamaður frá barnæsku svo þetta er ástríða hjá mér. Við þá bók hafði ég vinnustofu hjá Náttúrufræðistofnun niður á Hlemmi og hafði aðgang að öllum uppstoppuðu fuglunum þar og gögnum sem til þurfti. Svo kom Páll Hersteinsson í lið með mér og til varð bókinn um spendýrin. Þriðja bókinn var svo um fiskana og þá komu til liðs við mig Gunnar Jónsson og Jón Björn Pálsson. Bókinn um fiskana seldist upp nánast strax en kom svo út aftur síðar, ný útgáfa í minna broti. Svo vonandi næ ég að loka hringnum með jurtunum þegar ég næ að klára flóru Íslands. Það er þungt verkefni og mikið. Svo er líka svo margt annað sem er að þvælast fyrir.

Hún flækist alltaf svolítið tilveran hjá manni með tímanum.“

Hámerin var mæld og mynduð á bílplaninu

Í flestum tilfellum fær Jón Baldur til sín fiskana sem hann teiknar og málar með vatnslitum. Vinnustofan er í bílskúrnum sem er áfastur íbúðarhúsi hans. „Bak við flestar þessara mynda liggja eintök sem ég hef tekið hingað heim og heimilið var undirlagt um tíma. Frá því þetta verkefni fór af stað að gera myndabók í stóru broti með máluðum myndum af fiskum Íslands liðu um það bil sjö mánuðir frá því ég byrjaði að mála af alvöru og þangað til bókinn kom út. Í bókinni eru 350 myndir og stefnan var sú að mála þetta allt eftir eintökum. Alla vega þeim eintökum sem ég gæti tekið hingað heim, málsett og skoðað. Ég var skrítni karlinn um tíma því það var hægt að rekast á mig á röltinni úti í bæ með eins metra langa fisk í höndunum. Stærsti fiskurinn sem ég kom með hingað heim var tveggja metra löng hámeri en hún var nú bara ljósmynduð og málsett hér úti á bílplani. Stærsta skepnan sem ég fékk gefins var rúmlega fjögurra metra langur beinhákarl sem ég lagði nú ekki í að koma með hingað heim,“ segir Jón Baldur og hláturinn brýst út við þá tilhugsun. „Það voru skipverja á

Eldhamri GK sem létu mig þarna vita eftir að ég hafði auglýst eftir beinhákarli. Ég tók á móti þeim á bryggjunni í Grindavík klukkan fjögur að nóttu, mældi þar og myndaði beinhákarlinn en það svo þessa góðu menn vinsamlegast um að fara með þessa skepnu út á haf aftur og sökkva henni. Annars hafa komið hingað í skúrin hjá mér alls konar kvikindi eins t.d. guðlax. Gunnar Jónsson hjá Hafrannsóknarstofnun hafði milligöngu um að ég fékk flesta þessa fiska. Ferskvatnsfiskana varð ég hins vegar að útvega mér sjálfur því þeir koma ekki inn á borð hjá Hafró. Þar naut ég góðrar aðstoðar veiðimanna og fleiri.“

Fékk þarabýrskling frá strákgutta í Stykkishólmi

Jón Baldur segist ýmislegt skemmtilegt hafa komið upp. „T.d. vildi ég fá þarabýrskling eins og þeir eru í Breiðafirðinum, eldrauðir alveg, beint úr þaranum. Ég hafði spurnir af því að krakkarnir veiddu talsvert af þeim á bryggjunum í Stykkishólmi svo ég lét það út ganga þar um að sá sem gæti sent mér þarabýrskling myndi fá bókina að launum fyrir. Það leið ekki langur tími þar til ég fékk senda tvo flotta eldrauða þarabýrsklinga frá einhverjum gutta í Stykkishólmi. Hann fékk svo bókina senda í þakklætisskyni fljótlega eftir

að hún kom út. Jóhannes Sturlaugsson ísaldarurriðasérfræðingur hleypti mér í tröllaurriða hjá sér, risafisk úr Öxaránni ríflega sjötíu sentimetra langan. Strákarnir á Veiðimálastofnun redduðu mér líka um Elliðaárlax. Svo reyndist Kristján Egilsson, sem sá um fiskasafnið í Vestmannaeyjum, mér drjúgur. Ég fékk nokkra sjaldgæfa fiska hjá honum. Svona voru allar klær úti en langflestir fiskarnir komu frá Hafró. Svona verkefni verður ekki unnið af teiknararum einum. Margir af þessum fiskum koma eingöngu fyrir sjónir manna á rannsóknarskipunum og svo kannski af togurum sem veiða á miklu dýpi. Þá þarf maður líka að hafa góða menn um borð í skipunum sem bjarga þeim um leið. Margar af þessum djúpsjávartegundum fara mjög illa þegar trollið er dregið upp á yfirborðið og í sumum tilvikum var ég kominn með mörg eintök til að raða saman í eina heillega mynd. Þetta lukkaðist samt allt saman en vafalaust eru einhverjar myndir í þessari bók af fiskum, sem eru ekki alveg réttar, kannski með ugga aðeins framur eða aftur eða eitthvað í þá veru. Ég vona samt að þær séu ekki margar.“

Teikningar af fiskum betri en ljósmyndir

Í bókinni um fiskana, sem kom út 2007, voru allir fiskar sem þá höfðu veiðst innan íslensku fiskveiðilögsögunnar. Nýrri útgáfan kom svo út fimm til sex árum seinna. Jón Baldur sýnir blaðamanni mynd í bókinni af silungi sem hann hafði stillt upp á málsettan

álbakka. „Þetta er mikilvægt því fræðimenn nota svo mikið uggasetningar á fiskunum til að ákvarða ýmislegt. Þess vegna þurfa uggar að vera á nákvæmlega réttum stað á öllum myndum. Þetta þarf að stemma og kosturinn við teikningar umfram ljósmyndir er sá að ljósmyndir eru mjög erfiðar varðandi fiska. Auðvitað er ljósmynd betri af nýveiddum urriða eða laxi úr ferskvatni en fiskar dregnir úr djúpi hafins eru ekki svona hreinir og heilir. Þeir springa og særast á leiðinni upp á yfirborðið. Þess vegna þarf oft að smíða eina góða fiskamynd úr nokkrum fiskum. Finna eitthvað meðaltal í þessu. Það verður bara gert með teikningu.“ Jón Baldur segist eftir þetta vera farinn að þekkja svip á fiskum rétt eins og sauðfjárbóndi sem þekkir sitt fé á svipnum. „Fiskar eru misjafnir í útliti eftir aldri og uppeldisstöðum. Glöggur maður sá einu sinni mynd sem ég málaði af þorski og sagði til um aldur hans. Rauðmaginn er líka gott dæmi um breytingar, að vetri er hann grár en eldraður á vorin, grásleppan breytist líka. Svo geta fiskar breyst eftir botninum sem þeir lifa á og fæðu. Ég verð eiginlega að finna meðaltalsfiskinn oft á tíðum. Líka hefur komið í ljós að fiskar sem ég málaði fyrst brúna voru í raun svartir. Þeir urðu brúnir við að þæfast í trollinu á leiðinni upp. Ég varð að marka mér stefnu um að mála ekkert sem ég vissi ekki. Ég mála allt með vatnslitum og vil helst hafa fiskinn eins og hann væri nýkominn upp, eins og hann er ferskur á dekkinu. Það eru dæmi um uggaslitna fiska í bókinni, ekki ólíka eldisfiskum sem hafa nuddast í kvíum. Þetta er bara vegna þess að ég hafði ekki betra eintak og frekar en að skálda upp hvernig uggi og sporður líta út ákvað ég að hafa þetta svona. Að vísu hef

ég verið beðinn um að mála eldisfisk og hafa hann svolítið feitari en á mynd sem ég átti og með slitna ugga og sporð.“

Fjölbjóðlegt samstarf

Jón Baldur segist af og til teikna og mála fiska ef þöntun berist erlendis frá. „Ég var til dæmis að mála krabba nýverið, sem lifa við Kanada, fyrir heimamenn þar. Annar úr Kyrrahafi en hinn úr Atlantshafi. Þá verð ég að notast við internetið. Annað er ekki í boði. Það verða ekki eins góðar myndir en ég bý að því að hafa málað skyldar tegundir hér heima. Ég er langt kominn með að mála alla stóru krabbana hér í grennd við Ísland þótt þeir hafi ekki komið út á bók. Svo er ég núna að mála plöntur það eru yfir 500 tegundir, eitthvað um tvö þúsund myndir sem ég þarf að mála og síðan er ég að sinna nokkrum útlendum viðskiptavinum sem panta reglulega hjá mér ýmislegt. Til dæmis málaði ég í sumar nokkrar kengúrutegundir, ekki þó fyrir Ástralal heldur er það þýskur vísindamaður sem fær mig Íslendinginn til að mála fyrir sig ástralskar kengúru og aðstoðarmenn hans við þetta eru frá Indlandi og Ghana. Þetta getur varla orðið fjölbjóðlegra. Auðvitað er þetta bara þessi nýi veruleiki sem við búum við. Heimurinn er allur að skreppa saman.“

Svona teiknarar eru deyjandi stétt

Hver er svo kosturinn við að hafa málaðar teikningar í bókum af fiskum og dýrum frekar en ljósmyndir? Jón Baldur segir það t.d. felast í því að „lúkkið“ verði betra. „Til dæmis málaði ég myndir við grein í The Nature sem er eitt stærsta og virtasta tímaritið í náttúruvísindum og greinin



Parabyrsklingurinn úr Stykkishólmi sem minnst er á.



Tilapíu fiskur liggur á málsettum álþakka á teikniborðinu og teiknarinn er byrjaður vinnuna.

fjallaði um skyldleika ísbjarna og brúnbjarna. Þessi grein vakti mikla athygli og fréttir af henni fóru víða og birtust meira að segja hér á landi. Ef farið er á netið er hundruð eða þúsundir ljósmyndir til af þessum dýrum en engu að síður höfðu þeir samband við mig og báðu um myndir. Við erum orðnir mjög fáir sem vinnum myndir svona. Þetta er deyjandi stétt og flestir komnir í tölvurnar. Krakkarnir sem hefðu getað orðið góð í þessu setja ekki þann tíma sem þarf til að vinna svona myndir og ná tökum á vatnslitakefninu. Ég finn það alveg að þetta er orðið svolítið fínt og menn vilja hafa teikningar með greinum sínum frekar en ljósmyndir.“

Vinnuveitandinn hvatti hann til að teikna

Sem fyrr segir hefur Jón Baldur teiknað síðan hann var barn. „Sem unglingur var ég að afgangi í búð hjá Ingþóri Haraldssyni í Ármúlanum. Einu sinni kallaði Ingþór í mig og ég hélt að hann ætlaði að skamma mig eitthvað en í staðinn sagði hann að ég mætti teikna eins og ég vildi í vinnunni ef ég bara skildi teikningarnar eftir þar. Hann skikkaði mig eiginlega til að fara á teikninámskeið í Myndlistarskóla Reykjavíkur og kennarinn minn þar hvatti mig eindregið til að sækja um í Myndlista- og handíðaskólanum. Þar

passaði ég eiginlega ekki inn því mig langaði ekki til að verða myndlistarmaður heldur langaði mig til að verða góður teiknari. Ég lærði heilmikið þar fyrsta árið undir leiðsögn gamalla fagmanna sem voru með allt þetta faglega á hreinu en svo þegar ég kom upp í deildina fjarðri undan mér og ég hætti bara. Síðan var hóað í mig tveimur árum seinna og ég beðinn að koma og kenna. Þar kenndi ég teikningu alveg þangað til Myndlista- og handíðaskólinn varð að Listaháskólanum þá vantaði mig öll próf til að eiga séns á að kenna þar. Ég kenndi þarna grunnteikningu í fjóra til fimm mánuði á ári.“

Er nörd í þessum efnum

Fiska- og dýrateikningarnar eru að mestu byggðar á reynslunni og sjálfsnámi hjá Jóni Baldri. „Svona teikningar held ég að verði alltaf meira eða minna sjálfsnám og byggðar á áhuga. Það er ekki hægt að mála 500 fiskamyndir á sjö árum, eins og ég hef gert, nema að hafa brennandi áhuga á viðfangsefninu. Menn hafa ekkert úthald ef áhuginn er ekki brennandi. Til dæmis held ég að urriðinn hafi verið einar þrjár vikur upp á borði hjá mér áður en ég kláraði. Þetta er svona nördadæmi og ég er nörd frá barnæsku. Ég hef verið með fugla- og náttúrufræðidellu frá

því ég var krakki. Ég man t.d. að við gáfum pabba fuglabók AB þegar hún kom út, mig minnr að það hafi verið 1962, ég settist með honum að lesa hana og pabbi greið fékk aldrei þessa bók aftur. Hann glataði henni til mín strax á afmælisdaginn. Ég fékk líka fyrsta sjónaukann í afmælisgjöf þegar ég var átta ára gamall og mér fannst þá að ég hefði beðið hálfra ævina eftir honum. Þessi fugla- og náttúrufræðihugi hefur fylgt mér alla tíð. Maður sér svona krakka alltaf af og til og ég á vini sem virðast vera fæddir með þetta í sér. Þetta er veiðimannsgenið í manni. Maður verður heltekin af þessu. Þetta dettur aðeins út yfir unglingsárin þegar hormónarnir steypast yfir en svo kemur þetta aftur eins og gerðist þegar ég var að vinna sem unglingur hjá honum Ingþóri. Þá teiknaði ég alla mögulega hluti af einhver dauður tími var í vinnunni. Ingþór ýtti mér af stað í þessu og svo hefur bara rúllað eftir það.“

Hugsar sjálfur um höfundarréttinn

Lengst af hafa teikningarnar verið aukavinna hjá Jóni Baldri, sem í tuttugu sumur var leiðsögumaður ferðamanna og kenndi svo og teiknaði á vetrum. „Það eru svona 5-6 ár síðan ég hætti alveg í leiðsögustarfinu og hef reynt að framfleyta mér á þessum teikningum síðan. Það



Draumarúm

Hästens eru umhverfisvæn
sænsk hágæðarúm sem hafa
verið framleidd frá árinu 1852.
Komdu og finndu muninn.

Hästens
Grensásvegi 3
Sími 581 1006

Hästens 

www.hastens.com

reytist alltaf eitthvað til. Maður á alltaf eitthvað einhverjum að þakka. Fyrir mörgum árum hafði samband við mig náungi á mínu reki, Jóhann Ísberg, Hann er ljósmyndari og vefhönnuður. Hann bauðst til að setja upp vef fyrir mig gegn því að fá að nota eitthvað af myndum frá mér á sinn vef. Við gerðum ágætis samkomulag. Hann ýtti mér af stað að meðhöndla þetta efni mitt eins og ljósmyndarar gera og setti upp vef www.fauna.is þar sem hægt er að fletta upp í myndunum og halda utan um þær. Hann setti þetta upp sem myndabanka eða myndamiðlun. Þarna varð þá til heilmikið safn sem byggt var á myndunum úr bókunum og síðan hefur margt bæst við. Nú eru þar um þrjú þúsund myndir sem spanna nánast allar lífverur Íslands sem eru stærri en eldspýta," segir Jón og bætir við að það smæsta sem hann hafi verið að teikna séu flugur, t.d. þrjár tegundir af fiskflugum fyrir Mátis. Hann segist reyna að halda utan um þetta þannig að myndirnar fari ekki á flakk og séu notaðar án hans vitundar. „Samt er erfitt að eiga við þetta. Það eru til dæmis komnir fiskar út um allt en þeir eru mín verðmætasta afurð. Ég verð bara

að vera svolítið eins og löggan, þarf að fylgjast með. Það gætu allir bílar keyrt á yfir hundrað kílómetra hraða hérna í götunni minni þótt þeir megi það ekki en löggan á að fylgjast með því að það sé ekki gert. Á sama hátt verð ég að fylgjast með að myndirnar mínar séu ekki notaðar óleyfilega. Ég get ekki stoppað alla, frekar en löggan, ég fer hins vegar á netið stundum og leyta. Ef það eru t.d. fyrirtæki sem hafa notað myndir mínar þá fá þau reikning frá mér, sem er allnokkuð hærrí en hefði verið ef samið væri um notkun myndarinnar. Þetta innheimtist yfirleitt, sérstaklega ef það eru fyrirtæki í Norður-Evrópu eða hér Íslandi. Menn virðast vera að gera sér grein fyrir að höfundarréttur er varinn. Jón Baldur er ekki í neinum samtökum höfundarréttarhafa og segist ekki sjá tilgang með því. Ég vil bara semja beint við viðskiptavini mína án einhverrar milligöngu enda geta svona samtök ekki legið á netinu til að finna þjófana og þar veit fólk ekkert hvað eru mínar myndir og hverja ég hef samið við eða ekki. Ég rek þetta bara á mínum forsendum og sem bara við einstaklinga og fyrirtæki. Síðast rétt áðan var ég að semja við stórt

útgerðarfyrirtæki um teikningar. Mikið sæki ég af þessu í myndabankann en svo endurnýja ég talsvert. Myndirnar verða þreyttar ef þær birtast oft og ég er byrjaður að endurnýja myndirnar úr bókunum. Svo hafa bæst við fuglar síðan fuglabókin kom út eins og glókollur, skógarsnípa og fleiri. Þessi bók um fuglana kemur ekki út aftur en mig langar að eiga nýja fugla og svo finnst mér sumir þessara fugla bara ekki nógu góðir hjá mér. Þeir eru með því elsta í safninu."

Smæðin á Íslandi veitir forskot

Jón Baldur hefur fengið mjög góða dóma fyrir fiskamyndir sínar og sumir telja þær vera með þeim bestu sem gerðar hafa verið enda fara þær orðið víða og margir mikilsverði vísindamenn og fjölmiðlar á sviði náttúruvísinda nýta sér hæfileika hans til myndskreytinga. Hann segir nálægðina á Íslandi gera sér fært að komast nær viðfangsefnunum og vísindamönnunum en kollegar hans úti í hinum stóra heimi geti gert. Þar hafi hann forskot á aðra.

hb



Tindaskata teiknuð og máluð af
Jóni Baldri Hlíðberg

FLÝGUR FISKISAGAN



Iceland Responsible Fisheries
auðkennir íslenskt sjávarfang
og ábyrgar fiskveiðar.
Sjálfbær nýting fiskistofna er
hagur komandi kynslóða.

www.ResponsibleFisheries.is

Árangur í verki



Við óskum landsmönnum gleðilegra jóla og þökkum fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.

Þjónusta á sviði vélaverkfræði og byggingahönnunar er eitt af aðalmerkjum Mannvits. Sérfræðingar okkar leysa fjölbreytt verkefni í hönnun, þróun tæknilausna, áætlanagerð og verkefnastjórnun fyrir íslenskan sjávarútveg. Góður árangur í verki er niðurstaða af nánu samstarfi, fagþekkingu og reynslu.



MANNVIT

Óskum starfsfólki í sjávarútvegi gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári



Skípavörur ehf



Seyðisfjörður



Snæfellsbær



ÚTHAFSSKIP



Vestmannaeyjabær



VESTURBYGGÐ



VIGNIR G. JÓNSSON HF



Afltækni ehf.

FRAMTAK
BLOSSI ehf

BLÁMAR 



BOLUNGARVÍK



Fiskmarkaður
Siglufjarðar ehf.



KLAKI
Stálsmíja
Húsbátarí 28 • 210 Akasögja • Sími 594 1000

SJÓFISKUR

MARKIUS
LIFENET


NOVO
FOOD


Skeljungur

 **SKINN**
fiskur ehf

 SkipaSýn


DNV-GL



PÖKKUNARLAUSNIN SEM LAGAR SIG AÐ ÞINNI FRAMLEIÐSLU

Schur® Star pökkunarlausnin býður upp á endalausar möguleika til að skara framúr, hentar fjölbreyttri pökkun fyrir matvæli og lágmarkar kostnað þar sem enginn viðbótarkostnaður fylgir mismunandi stærðum af pokum.



MINNA FLÆKJUSTIG, ENDALAUSIR MÖGULEIKAR


- Skipti á milli pokastærða tekur aðeins 1-3 mínútur
- Möguleiki á pokum með hólfum og afrifum
- Betri opnun á pokum sem auðveldar áfyllingu
- ZipLock lokun
- Vökvapökkun
- Loftskipting
- Enginn mótakostnaður
- Lágmarkar pökkunarkostnað



FRJO

UMBÚÐASALAN

FORNUBÚÐUM 5, 220 HAFNARFIRÐI
S. 567 7860 • WWW.FRJO.IS • FRJO@FRJO.IS



Óskum viðskiptavinum til sjávar og sveita

Gleðilegra Jóla

Þökkum viðskiptin á árinu

Markaðsetur nýja línu af tölvustýrðum fiskvinnsluvélum



Vélfag fagnar tuttugu ára afmæli sínu

Agnes Valdimarsdóttir

Fyrsta framleiðslan af þessari öflugu vélalínu verður hjartað í vinnslunni um borð í nýjum og glæsilegum frystitogara Ramma hf. "Nýr frystitogari fyrir bolfisk hefur ekki bæst í íslenska flotann í yfir tuttugu ár", segir Ólöf Ýr Lárusdóttir, annar eigandi fyrirtækisins Vélfags. "Það er spennandi verkefni að taka þátt í að búa þetta skip öllu því nýjasta og besta sem iðn- og tæknifyrirtæki í þessum geira hafa upp á að bjóða".

Úr sekúndum yfir í millimetra

Vélfag var fyrsta íslenska fyrirtækið til þess að hefja framleiðslu og koma á markað bolfiskflökunarvél, smíðuð frá grunnni hérlendis. Hugmyndin kviknaði eftir að eiginmaður Ólafar og annar eigandi Vélfags, Bjarni A. Sigurðgarðarsson, vann við að gera við bolfiskflökunarvélar úti á sjó í nokkur ár og náði góðum árangri við að bæta nýtingu og endingu í þessum erlendum vélum. "Bjarni kom úr bifreiðasmíðageiranum, torfæru og rallybilameininum, lærði handverkið m.a. hjá Malcolm Wilson Motor Sport og smíðaði sigursælan Íslandsmeistarabíl Jóns Ragnarssonar. Bjarni var líka hæfileikaríkur ökuþór. Frakkinn Jean Todt, yfirmaður Peugeot Talbot Sport í Evrópu, síðar liðstjóri Ferrari, hafði fylgst með honum og boðið að koma á samning hjá Peugeot þegar Bjarni slasaðist alvarlega á auga. Þarna kemur U-beygja og í stað árangurs mældum í sekúndum með kappaksturbíl var stefnan tekin á hönnun og smíði fiskvinnsluvéla þar sem millimetrar skipta sköpum til að ná sem mestum verðmætum. Utan um þetta stofnuðum við Vélfag árið 1995. En nú verð ég að hætta áður en hann kemst að því hvaða leyndarmálum ég er að ljóstra upp um hann" segir Ólöf og hlær.

Hönnun sem auðvelt er að vinna með

Vélfag framleiðir nú 20 árum síðar heildstæða línu Marín fiskvinnsluvéla. Íslenska bolfiskflökunarvélin, Marín 700 (eða M700) var sú fyrsta sem var smíðuð úr tæringarfríum efnum hentugum til matvælaframleiðslu. "Þetta

var mikil breyting t.d. fyrir flökun um borð í frystitogurum þar sem kostnaður og nýtingarfall vegna tæringar var mikið vandamál", segir Ólöf. "M500 hausararnir hafa einnig reynst afburða vel. Notendur segjast ná 1,5% betri nýtingu, fallettri skurð með margfalt lægri viðhaldskostnaði." M800 og M820 roðráttarvélar komu á markað 2013. Kaupandinn fær þar fjórar roðráttarvélar á verði einnar. Með þessum vélum tekur minna en 5 mínútur að skipta um roðráttarvél, hvatinn verður að halda uppi sem bestri nýtingu og einnig bregðast við mismunandi fisktegundum. Afburða ending

Þegar Vélfag var stofnað var í raun bara eitt alþjóðlegt fyrirtæki sem framleiddi bolfiskflökunarvélar og var allsráðandi á markaðinum. "Mörgum fannst þetta algjört glapræði hjá okkur á sínum tíma. Ráðast á garðinn þar sem hann var hæstur og stefna á vél sem yrði gríðarleg áskorun, dýr og tímafrek þróun. Ég segi líka stundum að fyrsta M700 hafi verið eins og kvenkyns brautryðjandi. Til að sanna sig þurfti hún að gera allt betur en "karlinn" sem hafði áður unnið verkið!" segir Ólöf. Eftir langan þróunarferil frá árinu 1998 var frumgerð M700 flökunarvélar prófuð í landvinnslu árið 2007. "Sú prótótýpa er ennþá í notkun í landvinnslu". Sem dæmi um afburða endingu fiskvinnsluvéla frá Vélfagi verður fyrsta fullgerða M700 vélin, sem nú hefur í tæp 7 ár flakað þúsundir tonna um borð í Mánabergi ÓF 42, flutt yfir í nýja frystitogara Ramma hf. "Í nýja skipinu verður flakað áfram í henni og einnig nýjustu M725 tölvustýrðu flökunarvélinni. M725 flökunarvélin mun auðveldlega geta flakað allt að 130 cm stóran þorsk. Þetta verður án efa öflug tvenna" segir Ólöf

Hönnun sem auðvelt er að vinna með

Nýja tölvustýrða vélalínan byggir á traustum grunni fyrri véla. "Hausari, flökunarvél og roðráttarvél eru hjartað í vinnslunni. Ef eitthvað kemur upp á er nauðsynlegt að geta gert aftur klárt innan fárra mínútna" segir Ólöf.

Tölvustýringin er notendavæn og einföld. Ólöf segir hana einnig opna á ýmsa athyglisverða þætti t.d. í gæðaeftirliti og framleiðslustýringu.

Sókn á erlenda markaði

Fyrirtækið hefur getið af sér gott orðspor á innlendum markaði fyrir vélar sínar og fullyrði Ólöf að það sé fyrst og fremst byggt á góðri reynslu af vélunum sem þau framleiða, frábæru starfsfólki auk árangursríks samstarfs við íslenskar útgerðir og landvinnslur á sviði hönnunar og þróunar. Vélfag undirbýr aukna sókn á erlenda markaði enda fer sá viðskiptamannahópur ört stækkandi. "Við höfum selt nokkrar heilar vélarlínur í nýja erlenda frystitogara og í ný vinnsluþilför eldri skipa. Við finnum einnig fyrir að áhugi erlendra landvinnsla fer vaxandi", segir Ólöf. Nafn fyrirtækisins hefur spurst út og þau þjónusti nú þegar nærliggjandi lönd eins og Grænland, Færeyjar, Þýskaland, Bretland, Holland, Frakkland og Noreg.

"Við höfum undanfarin misseri lagt mikla innri vinnu að undirbúa fyrirtækið í aukna sókn á erlenda markaði, m.a. stóraukið framleiðslugetuna", segir Ólöf.

Hafa náð sterkri markaðshlutdeild

Aðeins 7 árum eftir að fyrsta M700 kom á markað hefur Vélfag náð 57% af markaðshlutdeild flökunarvéla í íslenska frystitogaraflotanum. Ef hlutdeildin er skoðuð í samhengi við úthlutað aflamark fiskveiðiárið 2015-2016 þá eru frystiskipin sem velja að flaka sinn afla með flökunarvélum frá Vélfagi með samtals 61% af aflamarki slíkra skipa í þorski, verðmætustu bolfskætegundinni. Landvinnsluvélum fjölgar líka jafnt og þétt. Hún segir þau hjónin afar þakklát fyrir þessar frábæru viðtökur. Á þeim hefur Vélfagi tekist að byggja sterkan grunn til að sækja á erlenda markaði og fjölga enn frekar vélagerðum sem fyrirtækið framleiði. "Það er því óhætt að segja að fyrirtækið sé vel í stakk búit og byggi á góðum grunni til að halda inn í spennandi framtíð á alþjóðamarkaðum"

Fjárfesting sem borgar sig!

Ísvélar

Íshúsið

www.ishusid.is • S: 566 6000



*Víð óskum sjómönnum og
fjölskyldum þeirra gledilegra
hátiðar og farsældar á nýju ári*



Fyrtækið Martak ehf í Grindavík er hópi öflugustu útflutnings-fyrirtækja landsins í þróun og framleiðslu á lausnum og búnaði til vinnslu rækjuafurða. Hér á landi starfa að jafnaði um tuttugu manns hjá fyrirtækinu en auk þess er það með starfsstöð í Kanada þar sem fimm til tíu manns starfa. Í Grindavík fer fram vöruþróun, framleiðsla sala og þjónusta fyrir íslenskan markað auk því að þjónusta umboðsmenn og dreifingaraðila í Bandaríkjunum og víðs vegar um Evrópu en starfsstöðin í Kanada sér um þjónustu og sölu þar. Þótt rækjuvinnslan sé langstærst í viðskiptum við Martak og meginframleiðsla býður fyrirtækið upp á ýmsan búnað fyrir aðra fiskvinnslu.



Martak í Grindavík þjónustar rækjuvinnsluna og fleiri

Haraldur Bjarnason

Klæðskersniða búnað fyrir viðskiptavin

Stefán Haukur Tryggvason framkvæmdastjóri segir að í raun sé hægt að finna allt sem þarf til rækjuvinnslu á einum stað hjá Martaki. „Vöruframboðið spannar allt framleiðsluferlið, frá frumvinnslu hráefnisins til pökkunar í neytendapakkingar. Við bjóðum upp á mikið úrval stakra tækja, heildarlausna og hugbúnaðar. Auk þess afgreiðum við klæðskerasniðnar lausnir sem henta þörfum viðskiptavinarins. Ég get nefnt í þessu sambandi vogir, innmötunarkerfi, pillunarvélar, skelblásara, pökkunarlinur, ílagnerkerfi, blöndunarstöðvar, pækilkælikerfi og ílagnatankakerfi“ segir Stefán.

Úr sprotastarfsemi í leiðandi fyrirtæki

Martak hefur áratugalanga reynslu innan rækjuvinnslu og hefur, með stöðuga nýsköpun að leiðarljósi, þróast úr sprotafyrirtæki

í leiðandi fyrirtæki á sínu sviði. Á hverju ári er, að sögn Stefáns, lagður mikill metnaður í vöru- og þróunarstarf og ávallt unnið að því að finna hentugar lausnir fyrir hvern viðskiptavin. „Auk rækjuvinnslunnar er viðskiptavinir okkar í hefðbundinni fiskvinnslu og líka í lifravinnslu og hrognavinnslu, svo eitthvað sé nefnt,“ segir Stefán Haukur. Einnig býður Martak upp á yfirlitsteikningar fyrir nútíma fisk- og rækjuverksmiðjur þar sem hagkvæmni, afköst og nýting fyrir framleiðandann er höfð að leiðarljósi. Martak hefur hannað, teiknað og sett upp margar af stærstu rækjuverksmiðjunum á Íslandi, Nýfundnalandi og Kanada.

Aukin afköst


Martak er um þessar mundir að setja upp hjá sér þrjár nýjar framleiðsluvélar á renniverkstæði sínu sem munu auka gæði og afköstin í framleiðslunni

margfalt. „Með þessari breytingu verðum við komnir með mjög öflugt renniverksæði sem eykur gæði og afhendingaröryggi svo um munar. Martak framleiðir nánast alla íhluti í þær vélar sem fyrirtækið framleiðir auk þess að vinna verkefni fyrir aðra. Við kappkostum að eiga ávallt á lager alla varahluti fyrir þær vélar sem við framleiðum.“ segir Stefán og bætir við að Martak noti einungis úrvals hráefni í framleiðsluvörur sínar eins og gúmmíkefli sem skili sér í hámarksafköstum, nýtingu og endingu. „Langflestir viðskiptavinir okkar kjósa að hafa þjónustusamning við pillunarvélar sínar en þeir byggja á því að rækjuvölsu og öðrum slitflötum pillunarvéla er skipt út með reglubundnum hætti. Þannig er ávallt tryggt að vélarnar skili hámarks nýtingu og afköstum. Með þessum hætti þjónustar Martak flestar íslenskar rækjuverksmiðjur ásamt því að hafa verulega markaðshlutdeild á Nýfundnalandi og víðar í Kanada,“ segir Stefán Haukur Tryggvason framkvæmdastjóri Martaks.

Aukin þjónusta við sjávarútveginn

Martak hefur að undanfögnu unnið að samstarfssamningum við nokkur fyrirtæki sem eru leiðandi á sínu sviði til að efla og styrkja fyrirtækið í að bjóða heildarlausnir fyrir viðskiptavinum þess. „Þar má nefna fyrirtæki eins og Style Technology www.style.is sem sérhæfir sig í flokkunarlausnum ýmis konar fyrir rækju, uppsjávarfisk og fleira. Við höfum nú þegar unnið nokkur verkefni með Style sem hafa komið vel út. Um þessar mundir erum við að vinna að nýjum sjálfvirkum flokkunarlausnum fyrir rækjuvinnslu sem við bindum miklar vonir við,“ segir Stefán. Þá skrifaði Martak nýlega undir tvíhliða samstarfssamning við Semi Staal í Danmörku <http://semistaal.com/> um sölu og þjónustu á sjálfvirkum þvottalausnum fyrir matvælaíðnaðinn. Bæði á Íslandi og Norður-Ameríku. Semi-Staal er leiðandi fyrirtæki á sínu sviði og er með mjög háþróaðar lausnir þegar kemur að þvotti fyrir kör og kassa af ýmsum gerðum. „Ég vænti mikils af þessum samningi þar sem Semi-Staal mun einnig bjóða okkar vörur á þeim mörkuðum sem við erum ekki á. Við erum núna að klára samninga við önnur fyrirtæki sem eiga eftir að styrkja félagið enn frekar og gera okkur mögulegt að bjóða heildarlausnir fyrir matvælaíðnaðinn,“ segir Stefán Haukur Tryggvason.





sjávarútvegslausrir

+



Office 365

Fullbúin sjávarútvegslausrir í áskrift Microsoft Dynamics NAV

Wise hefur verið leiðandi í þróun hugbúnaðarlausna fyrir sjávarútveg með WiseFish í fararbroddi sem er vottað af Microsoft.

Þú færð sjávarútvegslausrir í áskrift á navaskrift.is.
Aðgangur að Office 365 fylgir með.*

kr. **24.900** pr. mán.
án vsk

* gildir til 30. 06. 2017



WISE
- snjallar lausrir



Sjávarútvegsskóli Austurlands

Pjú síðustu árin hefur verið byggt um sjávarútvegsnám fyrir ungmenni á grunnskólaaldri á Austurlandi. Síldarvinnslan hóf þessa starfsemi í Neskaupstað sumarið 2013 og árið eftir var boðið upp á fræðsluna í allri Fjarðabyggð. Á þriðja ári var fræðslan skipulögð fyrir allt Austurland. Það eru nemendur sem nýlokið hafa námi í 9. bekk sem eiga kost á að sækja skólann. Hér á eftir verður gerð grein fyrir þróun þessarar starfsemi sem vakið hefur verulega athygli.

Sjávarútvegsskóli Síldarvinnslunnar 2013

Sumarið 2013 tók Sjávarútvegsskóli Síldarvinnslunnar til starfa í Neskaupstað. Skólinn bauð upp á nám fyrir nemendur sem nýlokið höfðu 9. bekk grunnskóla. Skólastarfið stóð í tvær vikur og fengu nemendur greidd laun sem voru sambærileg þeim launum sem greidd voru í Vinnuskóla Fjarðabyggðar. Mikill áhugi reyndist vera fyrir skólastarfinu en lögð var áhersla á að fræða ungmennin um sögu útgerðar og fiskvinnslu, gæða- og markaðsmál, starfsmannamál og þá fjölbreyttu menntun sem nýtist starfsfólki sjávarútvegsfyrirtæja og tengdra fyrirtækja. Í skólastarfinu er lögð áhersla á vettvangsheimsóknir um borð í fiskiskip, í vinnslustöðvar og til fyrirtækja sem þjónusta

sjávarútveginn. Með vettvangsheimsóknunum er undirstrikað hve sjávarútvegurinn er fjölbreytt atvinnugrein og hve þjónustan við greinina er fjölbætt og umfangsmikil.

Meginástæða þess að Síldarvinnslan efndi til skóláhaldsins er sú að hið opinbera skólakerfi leggur litla áherslu á fræðslu um þessa undirstöðuatvinnugrein. Þá eru ein helstu rökin fyrir skóláhaldinu sú staðreynd að í sjávarbyggðum nútímans er unnt að alast upp án þess að sjá nokkurn tímann fisk sem berst til vinnslu hvað þá að sjá hvernig aflinn er meðhöndlaður og gerður að útflutningsvöru. Áður fyrr var öll starfsemi tengd sjávarútvegi tiltölulega nálægt fólki; afla var landað á hverri bryggju, beitt í fjölda skúra og vinnsla á fiski fór jafnvel fram undir beru lofti. Nú er öldin önnur og starfsemi er fjarlægari; veiðiskipin eru stærrí og færri, afla er landað á lokuðum hafnarsvæðum og vinnslan fer fram innanhúss þar sem ströngum reglum varðandi meðferð og hreinlæti er fylgt.

Sjávarútvegsskóli Fjarðabyggðar 2014

Starfsemi Sjávarútvegsskóla Síldarvinnslunnar vakti strax athygli og önnur fyrirtæki í Fjarðabyggð sóttust eftir því að taka þátt



Nemendahópur frá Seyðisfirði og Héraði ásamt Sigurði Steini Einarssyni skólastjóra um borð í Bjarna Ólafssyni AK í Norðfjarðarhöfn. Ljós.: Sýlvía Kolbrá Hákonardóttir.

í skólastarfinu. Niðurstaðan varð sú að Sjávarútvegsskóli Fjarðabyggðar tók til starfa sumarið 2014 og byggði hann á þeirri reynslu sem fengist hafði af starfsemi Sjávarútvegsskóla Síldarvinnslunnar. Þeir sem stóðu að Sjávarútvegsskóla Fjarðabyggðar auk Síldarvinnslunnar voru sjávarútvegsfyrirtækin Eskja á Eskifirði og Loðnuvinnslan á Fáskrúðsfirði auk Austurbrúar og Vinnuskóla Fjarðabyggðar. Efnit var til skóláhalds fyrir nemendur í allri Fjarðabyggð og var ungmennum sem lokið höfðu 9. bekk grunnskóla kennt á þremur stöðum í sveitarfélaginu.

Framkvæmd skóláhaldsins gekk vel. Skólinn var vel sóttur og nemendurnir voru ánægðir með fræðsluna. Sumir þeirra töluðu um að þarna hefðu þeir öðlast nýjan og betri skilning á sjávarútvegi og hve miklu máli hann skipti fyrir heimabyggðina. Þá töluðu nemendur einnig um að gott væri að fræðast um hve störf innan greinarinnar væru fjölbreytt og hve önnur fyrirtæki í sjávarbyggðum byggðu í ríkum mæli á þjónustu við sjávarútvegsfyrirtæki.

Sjávarútvegsskóli Austurlands 2015

Hróður þessarar fræðslustarfsemi barst víða og



Nemendur frá Eskifirði og Reyðarfirði í heimsókn hjá Matis í Neskaupstað. Ljós.: Sýlvía Kolbrá Hákonardóttir.



Nemendur frá Eskifirði og Reyðarfirði í brúnni á Berki NK. Ljós.: Sýlvía Kolbrá Hákonardóttir.



Nemendur frá Seyðisfirði og Héraði í heimsókn í fiskiðjuveri Síldarvinnslunnar í Neskaupstað. Ljós.: Sýlvía Kolbrá Hákonardóttir.

á Austurlandi kom fram áhugi fyrir því að boðið yrði upp á kennslu í landshlutanum öllum. Niðurstaðan varð sú að enn var ákveðið að færa út kvíarnar og koma á fót Sjávarútvegsskóla Austurlands. Starfssvæði skólans skyldi vera allt svæðið frá Vopnafirði til Hornafjarðar og auk sjávarútvegsfyrirtækja, Austurbrúar og sveitarfélaga við sjávarsíðuna ákvað Fljótshérað að taka fullan þátt í skólahaldinu. Sjávarútvegsfyrirtækin sem bættust í hóp þeirra sem áður höfðu tengst skólahaldinu voru HB-Grandi og Skinney-Þinganes. Ráðgert var að kenna á sex stöðum og yrði nemendur frá þeim byggðarlögum sem ekki yrði kennt í ekið til og frá kennslustað. Um það leyti sem unnið var að stofnun Sjávarútvegsskóla Austurlands hlaut Síldarvinnslan viðurkenningu Samtaka atvinnulífsins sem mentasproti ársins fyrir frumkvæði sitt við að koma Sjávarútvegsskólanum á fót.

Sl. sumar fór fram kennsla á vegum Sjávarútvegsskólans í Neskaupstað, á Eskifirði, Fáskrúðsfirði og Seyðisfirði og var skólinn vel sóttur. Fyrirhugað er að kennslan á Vopnafirði og á Hornafirði fari fram síðari hluta vetrar. Þau Sigurður Steinn Einarsson sjávarútvegsfræðingur og Sýlvía Kolbrá Hákonardóttir nemi í sjávarútvegsfræðum hafa veitt skólanum forstöðu en Sigurður hefur gegnt starfi skólastjóra. Fyrir utan þau tvö hafa fleiri komið að kennslunni, þar á meðal heimamenn á hverjum stað sem kennt er á.

Áhersla á lífliga kennslu

Að sögn Sigurðar Steins Einarssonar hefur

skólastarfið gengið afar vel til þessa. Samstarf um skólahaldið hefur verið gott og almennt er álitin mikil þörf fyrir það. Nemendurnir hafa verið áhugasamir og að þeirra eigin mati er fræðslan góð og gagnleg að sögn Sigurðar. Sigurður segist gera sér vonir um að starfsemi Sjávarútvegsskólans kveiki áhuga nemenda á sjávarútvegi og sá áhugi leiði til þess að þeir geti hugsað sér að mennta sig til starfa innan greinarinnar. Störf inn sjávarútvegsins eru nefnilega miklu fjölbreyttari en margir halda. Sigurður segir að kappkostað sé að gera kennsluna lífliga og í því sambandi skipti vettvangsheimsóknir miklu máli. Vinnslustöðvar eru heimsóttar og einnig veiðiskip ásamt fyrirtækjum sem þjóna sjávarútvegnum. Þá skipta heimsóknir til Matís og Verkmenntaskóla Austurlands miklu máli. Það eru í reynd ótrúlega margir sem koma að þessari fræðslu upplýsir Sigurður.

Sigurður segir að viðræður við sjávarútvegsdeild Háskólans á Akureyri séu hafnar og bindur hann vonir við að deildin muni í framtíðinni koma að starfsemi Sjávarútvegsskólans. Þá telur Sigurður að aðrir landshlutar ættu að huga að því að koma á fót sjávarútvegsfræðslu fyrir ungmenni því mjög mikilvægt sé að auka þekkingu þjóðarinnar á þessari grunnatvinnugrein og það verði vart gert með skilvirkari hætti.

Gaman að fræðast um fjarlæga markaði og framandi matreiðslu

Í viðræðum við nemendur Sjávarútvegsskólans kom fram það viðhorf hjá þeim að námið væri fjölbreytt og gagnlegt. Sérstaklega

voru nemendurnir ánægðir með vettvangsheimsóknirnar sem opnuðu augu þeirra fyrir nýjum staðreyndum. Einkar skemmtilegt þótti að fara á milli fjarða í vettvangsheimsóknir en með þeim hætti fengist betri yfirsýn yfir sjávarútveginn á svæðinu. Sögðu nemendurnir að margt af því sem fjallað var um í skólanum hefði komið á óvart, m.a. hve störf innan sjávarútvegsins væru ótrúlega fjölbreytt, hve sjávarútvegurinn skapaði mikil verðmæti og hve markaðir fyrir sjávarafurðir væru fjölbreyttir. Þeim þótti afar forvitnilegt að fá upplýsingar um hina ólíku markaði og hvernig fiskurinn væri matreiðdur í fjarlægum löndum.


Vildu þeir nemendur sem rætt var við hvetja alla krakka á Austurlandi sem nýlokið hafa 9. bekk að sækja Sjávarútvegsskólann. Skólinn væri alls ekki hefðbundinn heldur væri kennslan fjölbreytt og sérstaklega væru vettvangsheimsóknirnar lífligar. Þá höfðu þau orð á því að kennarnir væru býsna skemmtilegir og það skemmdi svo sannarlega ekki fyrir.



Norðfirðingar fá tilsögn í netagerð Egersund á Eskifirði. Ljós.: Sýlvía Kolbrá Hákonardóttir.



Nemendahópur frá Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði í vettvangsheimsókn í Neskaupstað. Ljós.: Sigurður Steinn Einarsson.





Dísarfellið ferst á leið til Færeyja

„Ekkert sem benti til þess að neitt óeðlilegt væri í gangi“

Sigrún Erna Geirsdóttir

Dísarfellið fórst í mars árið 1997 á leið sinni til Færeyja. Tveir menn létust en tíu komust af. Aldrei lá fyrir hvers vegna skipið fórst og ekkert hafði bent til þess að neitt alvarlegt væri að. Málaferlum vegna slyssins lauk ekki fyrr en 2008.

Leist ágætlega á skipið

Þegar Magnús Trausti Ingólfsson lét af störfum sem yfirvélstjóri á Arnarfellinu sumarið 2014 hafði hann verið á sjó í tæp 30 ár. „Ég byrjaði hjá Sambandinu og var svo hjá Nesskip í ein fimm ár, m.a. á báðum Suðurlöndunum. Ég var svo heppinn að vera í fríi þegar hið fyrra fórst og var hættur þegar það síðara fór niður. Ég fer svo til Samskipa og byrja sem vélstjóri á Dísarfellinu þegar það er keypt þann 5.janúar 1996, um ári áður en það sekkur,“ segir Trausti. Dísarfellið var fimmtán ára 592 teu gámaskip og kom í staðinn fyrir Helgafellið sem Samskip seldi. „Mér leist svo sem ágætlega á skipið þótt

það væri auðvitað farið að eldast. Því hafði verið haldið vel við að flestu leyti en það voru þó oft að koma upp ýmsar bilanir svo það var nóg að gera fyrir okkur vélstjórana.“ Dísarfellið var undir stjórn Karls Arasonar og á skipinu var tólf manna áhöfn. „Maður þekkti marga af þessum mönnum þrýðilega þegar ég byrjaði þar ég hafði unnið með þeim á öðrum skipum áður,“ segir hann.

Mikið um dælingar allan daginn

„Við lögðum af stað föstudaginn 7.mars frá Reykjavík til Vestmannaeyja og fórum svo þaðan á laugardeginum 8.mars, áleiðis til Færeyja. Það var búið að vera mjög leiðinlegt veður dagana á undan og nú var suðvestan átt og þungur sjór. Skipið var óvenju mikið lestað þar sem þetta var í lok loðnuvertíðar og mikið af frystigámum sem þurftu að komast út,“ segir Trausti. Hann segir að ferðin hafi byrjað ósköp venjulega þótt það hafi verið mikill veltingur þar sem vindur og sjór voru á eftir skipinu. „Það var mikið um dælingar allan

daginn, bæði út af veðri og eins út af snjó sem bráðnaði af gámunum. Þessar dælingar héldu svo áfram um kvöldið.“ Trausti kláraði dagvaktina en þar sem hann var á bakvakt þetta kvöld var hann að sinna dælingunum um kvöldið. Það gerist svo um klukkan tvö, aðfararnótt 9.mars, að skipið fer að leggjast á hliðina. „Þá var ég staddur í klefa mínum en fer þá niður aftur með Ingjaldi Hafsteinessyni, yfirvélstjóra. Þetta var strax talsverður halli en við héldum nú samt að við gætum bjargað þessu. Við vinnum þess vegna í því að reyna að dæla skipið til en eftir svona klukkutíma sjáum við að það er ekki að ganga upp,“ segir hann. Allan þann tíma voru þeir í stöðugu sambandi við brúna. Þegar ljóst er að vélstjórunum muni ekki takast að rétta af skipið er mannskapurinn ræstur og allt fer í viðbragðsstöðu. „Um fjögur leytið verðum við svo að yfirgefa vélarrúmið, þá er hallinn orðinn það mikill að vélarnar detta út sem endar á því að það drepst á ljósavélunum,“ segir Trausti.

Vissum af þyrlunni

Þegar þeir Trausti og Ingjaldu yfirgefa vélarrúmið er sent út neyðarkall og hafði brúin þá verið í stöðugu sambandi við loftskeytastöðina á Hornafirði í nokkurn tíma. Þegar þeir eru komnir út fara þeir í flotgalla ásamt öðrum úr áhöfninni og bíða þess sem verða vill. Veðrið var slæmt og mikill veltingur á skipinu sem olli því líka að gámarnir voru farnir að losna. „Í fyrstu vorum við ekki í algeru myrkri því neyðarljósavélin gekk í svólíttinn tíma eftir að skipið fer á hliðina og við vorum flestir með vasaljós. Þau dattu svo smátt og smátt út og eftir það var ansi dimmt.“ Trausti segir að áhöfnin hafi reynt að setja út björgunarbáta en eftir að hafa misst einn eða tvo báta er gefist upp á því og í staðinn ákveðið að bíða á skipinu svo lengi sem það væri á floti. „Við erum þá komnir í flotgallana og setjumst á landganginn sem er stjórnborðsmegin. Þar vorum við tíu en tveir voru í brúnni, skipstjórinn og yfirstýrimaðurinn,“ segir hann. Trausti fer í brúna og fær að vita frá Karli skipstjóra að búið sé að ræsa þyrluna en ekki sé vitað hvenær hún komi. Hann fer svo til baka og skýrir skipsfélögum sínum frá þessu. Tvö skip voru á sama svæði og Dísarfellið, flutningaskip frá Eimskip og togari, en voru þau í það mikilli fjarlægð að talið var að þyrlan næði til þeirra á undan og reyndist svo vera. Trausti segir að þeir hafi setið á lunningnum í c.a. hálf tíma áður en skipið leggst alveg á hliðina. „Þá flæðir sjórinn yfir og okkur skolaði fyrir borð.“

Sleptum honum aldrei

Þegar mennirnir sem sátu á landganginum fara í sjóinn tekst þeim að halda hópinn en þeir tveir sem höfðu verið í brúnni missa hins vegar af þeim og vita Trausti og hans hópur ekki um

afdrif þeirra fyrr en síðar. Komast þeir síðar að því að annar þeirra, yfirstýrimaðurinn, hafði slasast það mikið við að fara í sjóinn að hann lifði það ekki af. Einn úr hópi Trausta lifði það heldur ekki af. „Óskar Guðjónsson, kokkurinn okkar, fær hjartaáfall þegar þetta gerist og hann deyr í höndunum á okkur,“ segir Trausti. „Áfallið hefur farið með hann, hann var auðvitað hræddur og undir miklu álagi og hjartað hreinlega gaf sig.“ Hópurinn sleppti hins vegar aldrei af honum taki. „Ég sleppti honum aldrei, við héldum honum í hópnum allan tímann. Við vildum hafa hann hjá okkur svo lengi sem mögulegt var.“ Trausti segir að flotgallarnir hafi þarna bjargað algerlega og honum hafi t.d. ekki orðið kalt. Hann segir að það versta í aðstæðunum hafi verið gámarnir sem þarna flutu um ásamt alls kyns drasli úr skipinu. Þá hafi svartolía lekið úr skipinu og þeir hafi allir verið löðrandi í olíu. Eftir nokkra hríð sekkur svo skipið og horfa þeir á það hverfa ofan í djúpið. Voru þeir komnir nokkurn spotta frá flakinu þegar það gerist. Trausti áætla að þeir hafi verið á að giska einn og hálfan tíma í sjónum áður en þeim er bjargað. „Allan tímann erum við tiltölulega rólegir enda vissum við að þyrlan var á leiðinni. Auðvitað hugsuðu allir sitt samt. Það fer svo margt gegnum huga manns á svona stundu að það er varla hægt að festa hendur á því. Maður hugsaði auðvitað heim til fjölskyldunnar en það fór mikil orka í að halda Óskari sem ég vildi ekki missa frá okkur og eins að halda hópinn með hinum.“

Mikill léttir þegar þyrlan kemur

Trausti segir að þeir hafi fyrst orðið varir við TF-Líf þegar þeir heyra í henni hvininn. „Þeir tóku hring yfir svæðið og fundu okkur mjög fljótlega.

Það er erfitt að lýsa því hvað það var mikill léttir að sjá hana.“ Hann segir að sér hafi ekki fundist líða langur tími frá því að þeir sáu þyrluna fyrst og þar til þeim hafði verið bjargað. „Þeir voru mjög skipulagðir. Það kom niður sigmaður og hann ákvað röðina. Það var enginn troðningur í kringum hann heldur voru menn rólegir enda var allt að gerast. Ætli ég hafi ekki verið þriðji eða fjórði sem fór upp.“ Trausti segir að auðvitað hafi þeir sveiflast talsvert á leiðinni upp þar sem veðrið var slæmt en að ferðin hafi tekið stutta stund. Björgunin hafi gengið ótrúlega vel fyrir sig og greinilegt að þarna voru þaulæfðir björgunarmenn á ferð. Í þyrlunni settust menn fyrst á gólfíð til þess að jafna sig og voru sumir orðnir nokkuð kaldir. Þröngt var um borð þar sem þeir höfðu verið tólf í áhöfn skipsins og fimm voru í áhöfn þyrlunnar. Tekist hafði að ná upp líki Óskars en togarinn Hegranes sem kom að um svipað leiti og hífingum lauk náði upp lí í Páls Andréssonar, yfirstýrimanns. Komast þeir Trausti og félagar á þessum tímamarki að því hvað hafði komið fyrir þá Karl og Pál en Karl skipstjóri slasast nokkuð í slysinu og má teljast heppinn að hafa lifað af. „Gallarnir reyndust líka eitthvað misgóðir en ég var svo heppinn að minn var mjög góður og það amaði ekkert að mér. Ég hafði sem betur ekki sopið mikinn sjó heldur.“ Þá hjálpaði það Trausta eflaust að hann var í mjög góðu formi og þoldi því volkið í sjónum vel.

Vel haldið utan um okkur

Líf er svo flogið til Hornarfjarðar til þess að taka bensín og þá fá mennirnir tækifæri til þess að fara inn og hringja til þess að láta vita afsér. Ferðinni var svo haldið áfram og var komið til Reykjavíkur milli 10 og 11 á sunnudagsmorgun. Þyrlan var keyrð



beint inn í flugskýli og hvorki blaðamönnum né ljósmyndurum gefið færi á að ná til skipverjanna, sem Trausti segist vera þakklátur fyrir. Síðan er farið í rútu og keyrt upp á Borgarspítala þar sem allir fóru í lækni skoðun. Eftir hana tók við viðtal hjá áfallateymi en á þessum tíma var slíkt að fara af stað. „Okkur var boðin mikil hjálp, alveg eftir því sem menn vildu, og það var vel haldið utan um okkur hvað stuðning varðar. Það skiptir miklu máli að fá svona aðstoð til þess að vinna úr því sem gerist og kannski maður hefði átt að vinna meira með þetta þá. Þessu var líka vel fylgt eftir og Pálmi Matthíasson hringdi í mig og hina seinna meir í þeim tilgangi. Það er Samskip til sóma hvornig var staðið að öllu hvað okkur varðaði.“ Trausti segir að engin pressa hafi verið á það frá sinni fjölskyldu að fara ekki á sjóinn aftur, hann hafi alveg fengið að ráða því sjálfur hvort hann treysti sér til þess. „Það hvarflaði auðvitað að manni að fara ekki aftur. Þetta var heldur ekki auðveldur tími hjá Samskip. Ég ákvað að fara aftur á sjóinn og geri það um miðjan júní. Fyrsta sjóferðin eftir slysið var reyndar með Sæbjörginni á Sjómannadaginn þegar þá höfðingja vantaði vélstjóra. Ég sá ekkert eftir þeirri ákvörðun þótt maður hafi nú sofði laust fyrst eftir að maður byrjaði aftur. Ég vann áfram með sumum þeirra sem höfðu verið með mér á Dísarfellinu og vann t.d með Karli þar til hann hætti á sjónum. Sumir þeirra sem höfðu verið með mér á Dísarfellinu fóru hins vegar aldrei aftur á sjó.“

Orsök slyssins ókunn

Trausti segist oft hugsa um þessa nótt. „Við komumst aldrei að því af hverju það sökk, við sáum ekkert sem benti til þess að neitt alvarlegt væri í gangi. Það komu upp alls kyns kenningar en það lá aldrei neitt fyrir,“ segir hann. Það sem gerði málið enn erfiðara er að í gang fóru málaferli sem lauk ekki fyrr en ellefu árum eftir að skipið fórst. Var um að ræða bótakröfur og var Samskip sakað um að bera ábyrgð á slysinu þar sem skipið hefði verið vanbúið eða bilað. Þá var skipstjórinn sakaður um að hafa brugðist rangt við og beðið of lengi með að senda út neyðarkall. Héraðsdómur komst að raun um að svo væri en þeirri niðurstöðu var svo snúið við í Hæstarétti sem taldi að ekki væri hægt að sanna að orsakir slyssins mætti rekja til saknæms vélabúnaðar skipsins eða bilunar í tækjum þess. Neyðarkall var sent út 4:44 og þótti Hæstarétti sannað að ekki hefði verið hægt að bjarga Óskari heitnum, jafnvel þótt beiðni frá skipstjóra hefði borist hálf tíma fyrr. Þá var lögmaður ekkjunnar sektaður fyrir ýmis ummæli sem hann lét falla í garð Samskips í málinu. „Málaferlin rifjuðu þetta reglulega upp og þetta var mjög óþægilegt. Því var líka haldið fram að ég hefði ekki unnið mitt starf og það er ekki auðvelt að búa við það. Það var fullyrt að mistök hefðu orðið í dælingunum en það var margfarið yfir það og ekki hægt að sjá að neitt hefði verið gert rangt.“ Trausti segist aldrei hafa orðið var við ásökun frá sínum vinnufélögum en auðvitað hafi allir verið að leita skýringa, eins og eðlilegt sé. „Auðvitað hugsar maður alltaf um að maður hefði getað gert eitthvað öðruvísi þótt ég viti ekki hvað það hefði átt að vera. Ég dældi bara eftir okkar vinnureglum og eftir því sem maður best vissi. Það var ekkert óvanalegt við þetta ástand, það kom oft fyrir að

snjór bráðnaði af gámum og það þyrfti að dæla frá lestinni, þetta var allt samkvæmt venju, svona lagað gerðist. Hvað var öðruvísi þessa nótt veit enginn.“

Að hjálpa öðrum hjálpar manni sjálfum

Trausti segir að slysið hafi haft talsverð áhrif á sig og þegar veðrið sé mjög slæmt vekji það t.d. upp minningar. „Eftir þetta líður manni ekkert allt of vel þegar veðrið verður mjög slæmt, eins og gerðist nú í byrjun desember. Þá fær maður smá sting.“ Áhrifin hafa þó ekki eingöngu verið neikvæð. „Maður fór líka að hugsa öðruvísi, eins og eðlilegt er. Ég hafði verið í félagsmálum fyrir Vélstjórafélagið en mig langaði til að vinna svona starf á öðrum forsendum.“ Tveimur árum eftir slysið gekk hann til liðs við Reglu Drúida á Íslandi en aðalmarkmið hennar er að stuðla að auknum þroska einstaklingsins og vinna að vináttu manna um allan heim. Byggt er á réttlæti, velvild og bróðurkærleika og leitast Reglan við að ná markmiði sínu með því að upplýsa félagi sína um siðfræðileg og andleg verðmæti. Segist Trausti fá mikið út úr

þessum félagsskap. Trausti gerðist sömuleiðis sjálfboðaliði fyrir Rauða krossinn fljótlega eftir slysið og hefur verið það síðan. „Ég vildi gera eitthvað fyrir aðra. Þegar maður gefur eitthvað virkar það í báðar átti, bæði sá sem gefur og sá sem þiggur græða á því og þannig á það að vera. Ég mun halda því áfram því þetta starf hefur hjálpað mér mikið. Að gera eitthvað fyrir aðra lætur manni líða vel.“





Þjónusta við fyrirtæki

Við bjóðum fyrirtækjum sérþekkingu

Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnið í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Starfsfólk Íslandsbanka býr yfir áratuga reynslu í þjónustu við sjávarútveginn og hjá bankanum starfar stór hópur fólks með sérþekkingu á greininni. Þannig getum við ávalt tryggt fyrirtækjum í þessari undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar þá bankaþjónustu sem hún þarfnast.

Þekking sprettur af áhuga.

Ragnar Guðjónsson hefur starfað við fjármögnun sjávarútvegs í 40 ár.

Ragnar er viðskiptastjóri í sjávarútvegsteymi Íslandsbanka.



Fjörugur föstudagur hjá Þorbirni hf.

Í tilefni af fjörugum föstudegi í Grindavík, föstudaginn 27.nóvember sl. bauð Þorbjörn hf. gestum og gangandi upp á djúpsteiktan fisk frá fyrirtækinu að hætti viðskiptavinar þeirra í London. Hugh eigandi veitingakeðjunnar Churchill's mætti á staðinn ásamt samstarfsmönnum sínum og djúpsteikti fisk og franskar af fagmennsku ofan í gestina. Þeir félagarnir afgreiddu á þessari skemmtilegu kvöldstund rúmlega 1000 skammta af fiski við góðar viðtökur gesta og enginn fór svangur heim eftir þetta kvöld. Hljómsveitin Backstabbing Beatles sáu svo um að gestunum leiddist ekki og spiluðu frábæra tónlist meðan á viðburðinum stóð. Þorbjarnar menn og konur eiga svo sannarlega hrós skilið fyrir skemmtilegan viðburð sem vonandi kemur til með að festa sig um sess í Grindavík í framtíðinni.



KAPP ehf. hélt sína árlegu skötuveislu á dögnum



Skötuveisla KAPP ehf. hefur nú fest sig í sessi og var haldin í fjórða sinn þann 4. desember síðastliðinn. 313 gestir mættu til veislunnar og heppnaðist hún með eindæmum vel þetta árið.

Skötuilmurinn sveif um loftin og undir hljómaði fallegur harmonikkuleikur Friðriks Óskarssonar ásamt gleði og glaum viðskiptavina og velunnara KAPP ehf. og Optimar Ísland. Eigandi KAPP og Optimar, Freyr Friðriksson, sagði okkur að í upphafi hafi þetta einungis verið fyrir starfsfólk fyrirtækisins en hafi svo smátt og smátt undið upp á sig og fyrir fjórum árum síðan hafi þeir ákveðið að bjóða einnig viðskiptavinum sínum að taka þátt í gleðinni. Markmið veislunnar er að eiga saman notalega og góða stund rétt fyrir jólaösin. Freyr segir fyrirhöfn veislunnar ekki mikla, þeir skelli einfaldlega upp stólum og borðum inn á verkstæðinu og í ár fengu þeir listakokkinn Magnús Nielsson til að reiða fram kræsingarnar en Magnús vinnur hjá fyrirtækinu Kræsingar ehf.

Freyr Friðriksson eigandi KAPP ehf véla-, kæli- og renniverkstæðis keypti í vor Optimar Ísland, sem framleiðir Optim-Ice ísþykknivélar. Einnig selur Optimar Ísland og þjónustar kæli-, frysti- og vinnslubúnað frá Optimar Stetter og Havyard, MMC í Noregi. En fyrir þá sem ekki vita þá er KAPP ehf kæli, véla & renniverkstæði með aðsetur að Miðhrauni 2 Garðabæ. KAPP ehf er einnig sölu- & þjónustuaðili fyrir SCHMITZ vörukassa & trailervagna, CARRIER kæli & frystivéla, AUTOCLIMA loftkælingar og DHOLLANDIA vörulyftur.

Hjá KAPP eru 18 starfsmenn og hjá Optimar eru 10 starfsmenn Freyr segist ekki vera búinn að taka endanlega ákvörðun um hvort fyrirtækin renni saman í eitt eða verði áfram rekin aðskilin eins og nú er. „Við skiptum starfsemi að mestu í tvennt þ.e.a.s. véla- og verkstæðið er í austurhluta húsnæðisins og kælieldin (Optimar) í vesturhluta húsnæðisins. skrifstofuhaldið er svo sameiginlegt á milli deildanna.



Ljósmyndasamkeppni Sjávarafis

Í nóvember byrjun efndum við hjá Sjávarafli til ljósmyndasamkeppni. Þátttakan í samkeppninni fór fram okkar björtustu vonum og fengum við gríðalegt magn af fallegum og vel teknum myndum tengdum sjávarútvegnum. Það er virkilega gaman að sjá hversu dulegir sjómenn eru orðnir að taka flottar myndir í leik og starfi á sjónum.

Vinningshafi ljósmyndasamkeppni Sjávarafis að þessu sinni er Bergþór Gunnlaugsson, stýrimaður á Gnúp GK og þrýðir þessi glæsilega vinningsmynd forsiðu Sjávarafis að þessu sinni. Bergþór hlýtur í verðlaun glæsilegan gjafapoka sem inniheldur gull og gersemar hafsins ásamt gjafabréfi út að borða á Lækjarbrekku

Annað sæti hlaut Davíð Már Sigurðsson, með mynd sem tekinn er um borð í Klakk SK og hlýtur hann í verðlaun gjafapoka sem inniheldur gersemar hafsins.

Þriðja sæti hlaut Hlynur Ágústsson, með mynd sem tekinn er um borð í Brynjólfi VE og líkt og Davíð hlýtur Hlynur gjafapoka sem inniheldur gersemar hafsins.

Við þökkum öllum þeim sem sendu inn myndir kærlega fyrir þáttökuna og vonumst til þess að ljósmyndasamkeppnin sé komin til að vera árlegur viðburður í jólablaði okkar.



Vinningsmyndin frá Bergþóri Gunnlaugssyni



Myndin sem hlaut annað sætið er tekinn af Davíð Már



Myndin sem hlaut þriðja sæti er tekinn af Hlyn Ágústssyni

Óskum starfsfólki í sjávarútvegi gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári



Bergur VE44

Hvalur

Baader Ísland

Óskar Þór

Fullt nafn: Óskar Þór Kristjánsson

Fæðingardagur og staður: 12. september í Vestmannaeyjum

Fjölskylduhagur: Giftur Bylgju Guðjónsdóttir og eigum saman 3 börn, Kristján Val, Birgir Davíð og Birgittu Dögg.

Draumabílinn: Gæti ekki verið meira sama á hvernig bílum ég er á.

Besti og verstí matur: Verstí matur er án efa innmatur úr þessum djöfulsins dýrum, slátur, hjörtu og lifur eru viðbjóður. Kokkar eiga aldrei að elda svona á sjó. Besti grillaður kjúklingur með öllu ttheyrandi.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á: Herjólfssalur á Þjóðhátíð.

Starf: Stýrimaður á Þórunni Sveins VE

Hvað er það sem heillaði þig mest við sjóinn: Veiðarnar og félagskapurinn um borð. Sérstaklega skemmtilegt þegar maður rífur trollið annað slagíð fyrir þeyjana.

Eftirminnilegasti samstarfmaðurinn á sjó og hvað er það sem gerir hann eftirminnilegri en aðra : Helgi gamli kokkur frá Hvammi. Það var svo gaman að vera með honum í klefa á Emmunni, ég þurfti alltaf að lyfta honum upp í efri kojuna..

Stundar þú einhverja líkamsrækt á sjónum : Jájájá labba upp og niður stigana nokkru sinnum á dag.

Ef þú mundir smíða þér skip/bát hvað mundir þú láta það heita: Sædís (eftir uppáhalds frænku minni)ja.

Hvað var draumastarfið þitt sem lítil strákur: Bara vera sjómaður, maður var alltaf niðrá bryggju sem þeyji

Skemmtilegasti árstíminn á sjó: Sumartíminn, þá er blíða.



Hvað fannst þér erfðast við sjómennskuna: Brælur, brælur, brælur.

Eftirminnilegasta atvikið á sjó: Þegar ég fékk 2 djúpsprengjur í trollið við Faxaflóa og mátti ekki fara með það í land í Reykjavík en mátti fara inn í Hafnafirðir. Það var mjög sérstakt..

Hvaða lið verður Englandsmeistari í ár : Leicester City

Ef þú ættir að velja eina íþrótt til þess að keppa með áhöfninni þinni í hvaða íþrótt yrði fyrir valinu : Keila, maður þarf bara rétta að labba fram, henda kúlunni og svo kemur hún beint til manns aftur, maður þarf lítið sem ekkert að hreyfa sig, svo getur maður drukkið bjór með.

Stolt siglir fleygið mitt með Gylfa Ægis eða Ship-o-hoj : Ship-o- hoj því Gylfi Viðar kann allt lagið og syngur það svo vel

Siginn fiskur eða gellur: Pottþétt gellur.

Smúla eða spúla: Smúla

Ef þú mætir breyta einhverju á Íslandi í dag, hvað væri það : Leggja niður Alþingi.

Eitthvað að lokum : Gleðileg jól og farsælt komandi ár elsku dúllurnar minar.

UPPSKRIFT

Humarforréttur með myntu

Nú þegar jólin nálgast ætla eflaust margir að bjóða upp á humar einhvern jóladaginn. Humarinn er svo ótrúlega ljúffengur og góður að hann er fullkominn við flott tækifæri. Hér er uppskrift að humri sem ég hafði í forrétt um daginn og heppnaðist svona glimrandi vel. Ég velti mikið fyrir mér hvernig ég ætti að bera hann fram á sem fallegastan hátt en samt þannig að humarbragðið myndi njóta sín því það er algjör synd að kaffæra þetta flotta og bragðgóða hráefni í „í miklum brögðum“.

Sósan olli hvað mestum heilabrotum en þetta tókst fullkomlega á endanum og hugsa að allir hefðu borðað meira ef það hefði verið í boði en aðalrétturinn beið!

Ég raðaði nokkrum salatblöðum á forréttardiska og stráði bláberjum, jarðaberjum og kirsuberjatómötum yfir þau. Síðan smurði ég skelflettan humarinn með hvítlauks og steinseljasmjöri og leyfði honum bara að bíða þannig. Ég bjó svo til sósuna og leyfði henni að standa í nokkra tíma þannig að þetta var allt vel undirbúið. Þegar kom að því að bera þetta fram, setti ég humarinn undir grillið í ofninum í smá stund, lagði síðan 2-3 hala á salatið og dreypti sósunni yfir.

Sósan passaði ótrúlega vel með humrinum en hún var súr-sölt-sæt og afar fersk!

Það var svo gaman eftir að gestirnir komu að myndatakan einn álfveg fyrir hjá mér en hérna er ein mynd tekin eftir að ég hafði raðað salati, berjum og tómötum á diskana.

HRÁEFNI

- 1 dós sýrður rjómi
- væn lúka af saxaðri myntu
- 2 tsk hlynsýróp
- safi úr 1/2 límónu
- 1/4 tsk maldonsalt



Um höfundinn: Hrönn Hjálmarsdóttir er sjálfstætt starfandi heilsumarkþjálfari sem hefur einlægan áhuga á matargerð þar sem hollusta og einfaldleiki er í fyrirrími. Hrönn er með heimasíðuna www.hronn-hjalmars.wordpress.com þar sem hún setur inn uppskriftir og ýmsan fróðleik sem tengist hollustu og heilsufari, ásamt því að bjóða upp á einstaklingsráðgjöf, námskeið og fyrirlestra.



Gleðileg jól

Dressmann®


SMÁRALIND 5659730 / KRINGLAN 5680800 / AKUREYRI 4627800

Dressmann XL

SMÁRALIND XL 5650304

Svíf þú inn í svefninn ...í rúmi frá okkur!




R
R
RÚM



Rúm, springdýnur, sængurver, púðar & rúmteppi, gjafavara! ...við erum með þetta allt og meira til!

Í áraðir hefur Ragnar Björnsson ehf. framleitt rúm af öllum stærðum og gerðum, allt eftir þínum óskum.

Lengd, breidd mismunandi hæð á rúmunum eykur þægindin. Mismunandi stífleika er hægt að velja, allt eftir þyngd þeirra sem á dýnunum hvíla. Þú velur rétta hæð á rúmið þitt og stígur létt framúr.



Dalshrauni 8 - Hafnarfirði | Sími 555 0397 | rbrum@rbrum.is | rbrum.is

OPNUNARTÍMI FRAM AÐ JÓLUM

Mánudag–föstudag: 9-18 • Laugardag: 10-16 • Sunnudag: 13-16